

Ársskýrsla **2007**



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
Stjórn byggðasamlagsins	4
Gjaldskrá	5
Endurvinnslustöðvar	5
Svæðisáætlun	6
Skipurit	6
Ársfundir	7
Samráðshópur stjórnar SORPU bs. og Samtaka atvinnulífsins	7
Rekstraráætlun og afskriftir	7
Dótturfyrirtæki	8
Magntölur	8
2. Vigt og skrifstofa	11
Starfsmannahald	12
Þjónustusamningar	12
Skrifstofa	12
Vigt	12
Innra starf	12
3. Góði hirðirinn	13
Starfsmannahald	14
Starfsemin	14
Styrkveiting Góða hirðisins	14
Samstarf við Fjölsmiðjuna	14
Kynningarmál	15
Innri málefni	15
4. Gæða- og þjónustusvið	17
Starfsmannahald	18
Tölvu- og samskiptamál	18
Vistvernd í verki	19
Kynningar- og fræðslumál	19
Gæðastjórnunarkerfi	23
Fræðsla og miðlun upplýsinga innan SORPU	23
Heilsa og öryggi starfsfólks SORPU	25
Starfsmannaviðburðir	26
5. Móttöku- og flokkunarstöð	27
Starfsmannahald	28
Rekstur og skipulagsbreytingar í starfsemi móttökustöðvar	28
Húsnæði og umhverfi	30
Magntölur og endurvinnsla	31
Verktakar	31
Erlend samskipti	31
Rannsóknarverkefni um samsetningu húsasorps	31
6. Endurvinnslustöðvar	33
Starfsmannahald	34
Verktakar - verksamningar	34
Framkvæmdir	34
Söfnun dagblaða og umbúða úr sléttum pappa	34
Magntölur	35
Annað	38

7. Þróunar- og tæknideild.....	39
Starfsmannahald.....	40
Urðun og vinnsla úrgangs	40
Framkvæmdir og fjárfestingar.....	40
Móttaka úrgangs og önnur útboðsverk.....	41
Gasvinnsla	41
Mælingar og rannsóknarniðurstöður sigvatns	41
Ábendingar og kvartanir.....	42
Þróunarverkefni.....	42
Fundir, ráðstefnur og erlend samskipti	44
8. Grænt bókhald	45
Áritun endurskoðenda.....	46
Grænt bókhald	48
Starfsstöðvar SORPU	48
Starfsleyfi SORPU	48
Fyrirtækjaflokkur	49
Bókhaldstímabil.....	49
Yfirlýsing stjórnar SORPU	49
Áherslur í umhverfismálum	49
Umhverfisáhrif af starfsemi SORPU	50
9. Ársreikningur	57
10. Viðaukar.....	71
Magntölur	73
Gjaldskrá.....	77
Efnamælingar Álfnesi	83
Aðalfundargerð SSH	91

1 Inngangur



Ársskýrsla SORPU bs. er sem fyrr samantekt upplýsinga um aðalþætti starfseminnar. Magntöluskrár eru ekki tæmandi heimild um magn úrgangs sem fellur til á höfuðborgarsvæðinu heldur nær aðeins til þess sem kemur til meðhöndlunar hjá byggðasamlaginu.

Stjórn byggðasamlagsins

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og hófst 1. júlí 2006 og var hún þannig skipuð:

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Björn Ingi Hrafnsson	Óskar Bergsson
Kópavogur	Ómar Stefánsson	Gunnar Birgisson
Hafnarfjörður	Margrét Gauja Magnúsdóttir	Guðfinna Guðmundsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarsson	Stefán Konráðsson
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir	Haraldur Sverrisson
Seltjarnarnes	Þór Sigurgeirsson	Jónmundur Guðmarsson
Álftanes	Kristján Sveinbjörnsson	Margrét Jónsdóttir

Á tímabilinu hefur stjórn tekið nokkur breytingum. Í júní 2007 var Gísli Marteinn Baldursson skipaður aðalmaður fyrir Reykjavík og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir varamaður. Við breytingar á meirihluta í Reykjavík voru skipaðir nýir fulltrúar í stjórn SORPU; Þorleifur Gunnlaugsson aðalmaður og Oddný Sturludóttir varamaður. Við næstu meirihlutaskipti var síðan Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson skipaður aðalmaður og Gísli Marteinn Baldursson varamaður. Um miðjan júní skiptu aðalmaður og varamaður Hafnarfjarðar um sæti.

Stjórn var þannig skipuð frá 19. 6. - 26. 6. 2007:

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Gísli Marteinn Baldursson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Kópavogur	Ómar Stefánsson	Gunnar Birgisson
Hafnarfjörður	Margrét Gauja Magnúsdóttir	Guðfinna Guðmundsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarsson	Stefán Konráðsson
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir	Haraldur Sverrisson
Seltjarnarnes	Þór Sigurgeirsson	Jónmundur Guðmarsson
Álftanes	Kristján Sveinbjörnsson	Margrét Jónsdóttir

Stjórn var þannig skipuð frá 26. 6. - 16. 10. 2007:

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Gísli Marteinn Baldursson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Kópavogur	Ómar Stefánsson	Gunnar Birgisson
Hafnarfjörður	Guðfinna Guðmundsdóttir	Margrét Gauja Magnúsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarsson	Stefán Konráðsson
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir	Haraldur Sverrisson
Seltjarnarnes	Þór Sigurgeirsson	Jónmundur Guðmarsson
Álftanes	Kristján Sveinbjörnsson	Margrét Jónsdóttir

Stjórn var þannig skipuð frá 16. 10. - 31. 12. 2007:

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Þorleifur Gunnlaugsson	Oddný Sturludóttir
Kópavogur	Ómar Stefánsson	Gunnar Birgisson
Hafnarfjörður	Guðfinna Guðmundsdóttir	Margrét Gauja Magnúsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarsson	Stefán Konráðsson
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir	Haraldur Sverrisson
Seltjarnarnes	Þór Sigurgeirsson	Jónmundur Guðmarsson
Álftanes	Kristján Sveinbjörnsson	Margrét Jónsdóttir

Formaður er Páll Hilmarsson og varaformaður Herdís Sigurjónsdóttir.

Gjaldskrá

Forsendur gjaldskrárbreytinga árið 2007 eru óbreyttar en þær eru:

Byggingarvísitala	75%
Launavísitala	25%

Almennar gjaldskrárbreytingar eru í janúar og júlí ár hvert og taka mið af vísitölu í nóvember og maí á undan. Á stjórnarfundum í september voru stofnaðir nýir gjaldflokkar í móttökustöð í Gufunesi. Annars vegar fyrir bylgjupappa sem ekki ber úrvinnslugjald og hins vegar fyrir umbúðir úr sléttum pappa sem ekki bera úrvinnslugjald. Aðallega er í þessum tilfellum um að ræða afskurð frá prentsmiðjum og öðrum sem búa til umbúðir. Nauðsynlegt reyndist að halda afskurði aðskildum frá umbúðum sem bera úrvinnslugjald vegna krafna Úrvinnslusjóðs jafnvel þó um nákvæmlega sama efnið sé að ræða og það geti farið í sama endurvinnsluferveg.

Endurvinnslustöðvar

Þjónustusamningur SORPU og sveitarfélaganna var undirritaður á fyrri hluta árs.

Hafnarfjarðarbær úthlutaði SORPU lóð undir endurvinnslustöð í Hafnarfirði. Ekki er komin niðurstaða í viðræðum við Reykjavík og Mosfellsbæ um lóð á norðursvæði.



Svæðisáætlun

Verkefnisstjórn um svæðisáætlun skilaði tillögum til stjórna samstarfsaðilanna í júní. Allar stjórnir samstarfsaðilanna hafa fyrir sitt leyti samþykkt tillögurnar og eru þær nú til umfjöllunar hjá eigendum.

Í verkefnisstjórninni áttu sæti:

Fyrir SORPU bs.: Ögmundur Einarsson, Björn Ingi Hrafnsson frá júlí 2006 og Gísli Marteinn Baldursson frá janúar 2007.

Frá Sorpstöð Suðurlands bs.: Guðmundur Tryggvi Ólafsson framkvæmdastjóri.

Frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.: Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri.


Frá Sorpurðun Vesturlands hf.: Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri.

Að auki hefur Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. setið fundi verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjóri fram til 1. júlí 2007 var Teitur Gunnarsson hjá VGK-Hönnun hf.

Frá og með 1. júlí 2007 hefur Ögmundur Einarsson verið verkefnisstjóri fyrir verkefnið.

Skipurit



Skipurit samþykkt í stjórn 3/12 1998

Framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi, Ögmundur Einarsson, lét af störfum þann 1. mars 2007. Við starfinu til eins árs tók Björn H. Halldórsson en hann hafði gengt starfi yfirverkfræðings þróunar- og tæknisviðs frá árinu 2001.

Ársfundir

Sameiginlegir ársfundir SORPU bs., Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og 31. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru haldnir í Félagsgarði í Kjósarhreppi, föstudaginn 26. október 2007.

Samráðshópur stjórnar SORPU bs. og Samtaka atvinnulífsins

Hópurinn starfar áfram og kemur saman þegar nauðsyn krefur.

Rekstraráætlun og afskriftir

Tekjuáætlun byggðasamlagsins gerði ráð fyrir móttöku og meðhöndlun hjá SORPU bs. upp á 214.000 tonn úrgangs með svipaðri dreifingu á gjaldfloknum og árið 2006.

Niðurstöðutala varð 216.668 tonn sem er 1,25% frávik frá rekstraráætlun. Hins vegar er dreifing gjaldflokka önnur en gert var ráð fyrir. Móttekið og meðhöndlað magn í Gufunesi var 122.190 tonn (118.015 tonn árið 2006) og á urðunarstaðnum var tekið við 83.030 tonnum (89.621 tonnum) frá öðrum en móttökustöðinni í Gufunesi. Til ráðstöfunar utan fyrirtækisins voru 11.448 tonn.

Framlag fyrir fjármagnsliði og afskriftir var kr. 307,6 m. kr. (178,3 m. kr.)¹ sem er 22% af veltu (15,15%) án endurvinnslustöðva.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var bókfærður hagnaður 161,3 m. kr. (10,0 m. kr.).

Helstu kennitölur samlagsins

Tafla 1.1 Helstu kennitölur samlagsins

	2007	2006	2005	2004	2003
Veltufjárhlutfall	1,46	1,05	1,01	1,70	1,59
Eiginfjárhlutfall	60,23%	52,06%	58,03%	50,82%	48,61%
Arðsemi eigin fjár	15,87%	1,08%	6,14%	6,50%	3,60%
Meðalfj. starfsmanna	96	90	85	85	85

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig

Tafla 1.2 Eignarhlutir SORPU bs. í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Metan hf	49,7%	23.350.000 kr.	13.026.216 kr.
Samtals:		23.350.000 kr.	13.026.216 kr.

¹ Tölur í sviga eru frá árinu 2006.

Dótturfyrirtæki

Efnamóttakan hf.

Hlutur SORPU bs. í Efnamóttökunni hf. var seldur á árinu. Eina dótturfyrirtæki SORPU bs. um áramótin 2007/2008 var því Metan hf.

Metan hf.

Tafla 1.3 Skipting hlutafjár Metans hf.

Hluthafi	Hlutafé	Eignarhlutur
SORPA bs.	23.336.000 kr.	49,65%
Orkuveita Reykjavíkur	10.000.000 kr.	21,27%
N1 hf.	7.008.000 kr.	14,91%
REI	6.656.000 kr.	14,16%

Stjórn félagsins árið 2007 skipa:

Aðalmenn	Varamenn
Inga Jóna Þórðardóttir	Ögmundur Einarsson
Ragný Þóra Guðjohnsen	
Heimir Sigurðsson	Magnús Ásgeirsson
Smári Þórarinnsson	Finnur Árnason
Þorleifur Finnsson	Hreinn Frímansson

Tafla 1.4 Helstu kennitölur úr rekstri Metans hf.

	2007	2006
Rekstrartekjur ársins námu	14.900 m.kr.	11.800 m.kr.
Rekstrarniðurstaða var neikvæð	-117 þ.kr.	-364 þ.kr.
Veltufjárhlutfall	5,0	5,9
Eigið fé sem hlutfall af heildarféarmagni	89,1%	93,0%

Magntölur

Heildarmagn úrgangs sem fór um starfsstöðvar SORPU bs. á árinu 2007 var 216.668 tonn sem er 4.099 tonnum minna eða 1,86% samdráttur frá árinu áður. Sé hins vegar tekið tillit til mengaðs jarðvegs og uppgraftrar úr Stekkjarbrekku sem kom í Álfsnes á árinu 2006 er aukningin um 13,6% milli ára (venjulegur úrgangur). Milli árana 2005 og 2006 jókst heildarmagn úrgangs um 12,56%, milli árana 2004 og 2005 var aukningin 15,78% og 14,27% milli árana 2003 og 2004.

Endurvinnslustöðvar

Tafla 1.5 Magn úrgangs um endurvinnslustöðvar

	Magn (kg)
Móttekið á endurvinnslustöðvum	44.861.843
Ráðstöfun	
Til móttökustöðvar SORPU í Gufunesi	24.518.606
Til frekari vinnslu utan SORPU	211.482
Landmótun Hólmsheiði og tippur Hafnarfirði	460.792
Til endurvinnslu utan SORPU	10.209.537
Til Efnamóttökunnar hf. (spilliefni)	566.225
Á urðunarstað í Álfsnesi	8.895.201
Samtals ráðstafað	44.861.843

Móttökustöð í Gufunesi

Tafla 1.6 Magn úrgangs um móttökustöð í Gufunesi


	Magn (kg)
Móttekið í Gufunesi	117.792.000
Frá endurvinnslustöðvum	24.518.606
Frá öðrum	93.273.394
Rekstrarefni og lager	
Bindivírsnotkun	240.000
Breyting á lagerstöðu	778.000
Sandur í síur	36.000
Vatnsnotkun	3.344.000
Samtals meðhöndlað í stöð	122.190.000
Ráðstöfun	
Til endurvinnslu utan SORPU	30.097.000
Til frekari vinnslu utan SORPU	34.000
Á urðunarstað	92.059.000
Samtals ráðstafað	122.190.000

Urðunarstaðurinn í Álfsnesi

Tafla 1.7 Magn úrgangs á urðunarstað í Álfsnesi

	Magn (kg)
Móttekið í Álfsnesi	175.089.202
Frá móttökustöð í Gufunesi	92.059.000
Frá endurvinnslustöðvum	8.895.201
Frá öðrum	74.135.001
Ráðstöfun	
Til endurvinnslu	44.495.090
Til urðunar	130.594.112
Samtals ráðstafa í Álfsnesi	175.089.202

Heildarmagn móttækis úrgangs til allra starfsstöðva SORPU bs. árið 2007 var 216.668 tonn sem er 1,86% samdráttur frá fyrra ári. Þar af fóru í endurvinnslu 86.074 tonn (92.310 tonn) sem er samdráttur um 6,76%. Munar þar mestu um uppgröft úr gömlum urðunarstað við Stekkjarbrekku, en mest af því var hægt að nýta sem yfirlagsefni árið 2006. Alls voru urðuð 130.594 tonn (128.457 tonn) sem er aukning um 1,66%. Á mynd 1.1 má sjá hvernig flæði úrgangs er í gegnum fyrirtækið.



Mynd 1.1 Flæði úrgangs um fyrirtækið á árinu 2007

2 Vigt og skriftstofa



Starfsmannahald

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu voru 6 í árslok.
Ársverk á skrifstofu voru 5,19.
Fastráðnir starfsmenn á vigt voru 4 í árslok.
Ársverk á vigt voru 4,25.
Skrifstofustjóri er Sigríður B. Einarsdóttir.

Þjónustusamningar

Skrifstofa og vigt SORPU bs. þjónustar Efnamóttökuna hf., Metan hf. og FENÚR (Fagráð um endurnýtingu og úrgang) samkvæmt sérstökum þjónustusamningum.

Skrifstofa

Innleiðingu Axapta hugbúnaðar í öllum grunnkerfum SORPU lauk að mestu leyti á árinu. Eftirfylgni uppsetningar Axapta hugbúnaðarins hefur verið í höndum skrifstofustjóra.



Mynd 2.1 Starfsfólk skrifstofu og vigtar

Vigt

Bílastæði fyrir starfsmenn vigtar og skammtíma stæði viðskiptavina voru sett upp við vigt. Lokið var við frágang á umhverfi vigtar.

Innra starf

Mikil vinna fór fram hjá starfsmönnum skrifstofu og vigtar við endurskoðun vinnuferla í kjölfar nýs tölvukerfis. Starfsmenn sóttu ýmiss námskeið svo sem PEP námskeið í skilvirkni, skipulögðum vinnubrögðum með skjölun tölvugagna og notkun á Microsoft Office Outlook hjá fyrirtækinu IBT ehf.

3 Góði hirðirinn



Starfsmannahald

Verslunarstjóri er Anna K. Jakobsdóttir.
Fastráðnir starfsmenn voru 12 í árslok.
Ársverk voru 13,12.

Starfsemin

Góði hirðirinn er rekinn af SORPU í samvinnu við fjögur líknarfélög, Rauða kross Íslands, Mæðra-
styrksnefnd, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn.

Starfsemi Góða hirðisins nýtur mikillar velvildar í þjóðfélaginu. Mikið magn berst af vörum inn til
Góða hirðisins, frá endurvinnslustöðvum SORPU, sem almenningur vill gefa til góðgerðarmála.

Styrkveiting Góða hirðisins

Föstudaginn 14. desember var ágóðinn af starfseminni fyrir árið 2007, samtals 7 milljónir króna,
afhentur sem styrkur til fjögurra aðila. Bandalags kvenna vegna Starfsmenntasjóðs, Félags ein-
stæðra foreldra vegna Starfsmenntasjóðs, Systkinasmiðjunnar til námskeiðahalds fyrir börn sem
eiga systkini sem eru langveik og Átaks, sem eru samtök þroskahamlaðra. Átak beitir sér fyrir
réttindum þroskahamlaðra og kynningu á þroskahömlun í skólum og almennu samfélagi.



Mynd 3.1 Myndir úr starfi Góða hirðisins

Samstarf við Fjölsmiðjuna

Góði hirðirinn og Fjölsmiðjan í Kópavogi hafa átt mjög gott samstarf undanfarin ár sem felur í sér að
Fjölsmiðjan tekur að sér verkefni fyrir Góða hirðinn og nemar Fjölsmiðjunnar koma í starfsþjálfun í
Góða hirðinum.

Kynningarmál

Áhugi fjölmiðla á starfsemi Góða hirðisins hefur lítið dvínað. Sú umfjöllun sem markaðurinn fær í fjölmiðlum er nánast eina kynningin sem á honum er gerð og hefur hún skilað sér vel til almennings. Ýmsir aðilar svo sem leikhópar, kvikmyndagerðarmenn og aðrir listamenn hafa leitað til Góða hirðisins með samstarfsverkefni sem nytjamarkaðurinn hefur notið góðs af í kynningu.

Innri málefni

Mikil vinna fór fram við gerð vinnulýsinga í gæðahandbók Góða hirðisins og var áhersla lögð á þau gildi að unnið er eins og við segjumst vinna. Breyting var gerð á skipuriti Góða hirðisins. Ráðinn var aðstoðarverslunarstjóri til þess að styrkja vinnuferla. Ýmsar endurbætur voru gerðar á vinnuaðstöðu starfsfólks svo sem afgreiðslurými. Þessi framkvæmd kom viðskiptavinum einnig vel.

Verslunarstjórn Góða hirðisins

Verslunarstjórn Góða hirðisins

Jón Ólafur Vilhjálmsson	Stöðvarstjóri móttökustöðvar, formaður til 1. 3. 2007
Ragna I. Halldórsdóttir	Deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs
Sigríður B. Einarsdóttir	Skrifstofustjóri tók við formennsku 1. 3. 2007



4 Gæða- og þjónustusvið

Starfsmannahald

Breytingar

Á árinu 2007 fór Gyða S. Björnsdóttir í barnseignafrí. Til að sinna starfi kynningar- og fræðslufulltrúa var ráðin til starfa Dóra Sif Sigurðardóttir, en hún hóf störf hjá fyrirtækinu 10. apríl.

Deildarstjóri er staðgengill framkvæmdastjóra.

Fastráðnir starfsmenn í árslok voru 3 og ársverk voru 3,92.

Deildarstjóri Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir.

Kynningar- og fræðslufulltrúi Gyða Sigríður Björnsdóttir.

Kynningar- og fræðslufulltrúi Dóra Sif Sigurðardóttir.

Fulltrúi á gæða- og þjónustusviði Elva Rakel Jónsdóttir.

Fulltrúi á gæða- og þjónustusviði Birgir Már Guðmundsson.

Tölvu- og samskiptamál

Símkerfi

Yfirstjórn SORPU ákvað að endurskoða skyldi samninga við símafyrirtæki og voru fengin tilboð frá Símanum hf. og OgVodafone. Ákveðið var að endursemja við OgVodafone og voru samningar undirritaðir í október.

Tölvukerfi

Þjónustusamningur

Þann 26.11.2007 var undirritaður þjónustusamningur við fyrirtækið ASTRA ehf. Þjónustusamningurinn tekur til almennrar þjónustu við vélbúnað og hugbúnað vélbúnaðar ásamt neteftirliti.

Örbylgju- og ljósleiðarakerfi

Miklar endurbætur hafa staðið yfir á samskiptakerfi samlagsins á síðustu tveimur árum. Stækkun á örbylgjusambandinu var framkvæmd á árinu 2006, en um mitt ár 2007 var lokið við uppfærslu á ljósleiðarakerfi. Markmiðið með breytingunum var að auka flutningsgetu gagna yfir netið, minnka álag og tryggja þannig þann tíma sem samskiptakerfið er uppi og starfhæft.

Endurnýjun á tækjabúnaði

Töluvert hefur verið endurnýjað af tölvu- og tækjabúnaði í kjölfar innleiðingar á nýju fjárhagskerfi og endurbóta á samskiptakerfi.

Úttekt á upplýsingakerfi SORPU

ASTRA ehf. skilaði úttektarskýrslu yfir netkerfi og netþjónustur SORPU.

Aðgangsstýrikerfi

Í lok árs skilaði verkfræðistofan VSI þarfagreiningu vegna fyrirhugaðs aðgangsstýrikerfis sem ætlunin er að tengist öryggiskerfi samlagsins.

Vistvernd í verki


Stuðningur við Vistvernd í verki hefur verið allt frá upphafi verkefnisins en meginmarkmið verkefnisins og áherslur styðja við það starf er unnið er hjá SORPU, að hvetja til flokkunar úrgangs og endurvinnslu. Einn af þeim þáttum sem tekið er á í Vistvernd í verki er að minnka þann úrgang sem til fellur á heimilum og upplýsa almenning um hvernig megi gera betur er kemur að úrgangsmálum heimilanna. Kynningarefni SORPU er iðulega kynnt í kynningarbás verkefnisins enda er minnkun úrgangs og flokkun til endurvinnslu stór þáttur hjá Vistvernd í verki.

Kynningar- og fræðslumál

Samskipti og upplýsingagjöf

Heimasíðan sorpa.is

Heimsóknir á heimasíðu SORPU, sorpa.is, heldur áfram að fjölga. Heimsóknir jukust að meðaltali um 71% á mánuði milli árána 2006 og 2007. Þessa miklu aukningu má að hluta skýra vegna heimsókna í gegnum auglýsingar í forni netborða á mbl.is yfir allt árið. Á mynd 4.1 hér að neðan má sjá þróun í fjölda heimsókna frá árinu 2002 til 2007.



Mynd 4.1 Heimsóknir á heimasíðu SORPU frá 2002 til 2007

Úttekt á heimasíðu

Hugbúnaðarfyrtækið Spuni ehf. hefur hýst og þjónað síðuna frá árinu 2002. Með tilliti til umfangs upplýsinga á heimasíðu og aukinna heimsókna ár hvert var ákveðið að fá sérfræði úttekt á síðunni. Í apríl var fyrirtækið Sjá ehf. fengið til að taka út síðuna og hafði umsjón með þarfagreiningu á vefsíðu SORPU. Greiningin kom almenn vel út en ljós er að þörf er á öflugra vefumsjónarkerfi og var á haustmánuðum hafist handa við að finna nýtt kerfi. Markmiðið með nýrri vefsíðu er að auka aðgengi enn frekar og gera hana notendavænni. Ný og endurbætt vefsíða er væntanleg síðla árs 2008.

Útgefið efni

Almanak SORPU

Samstarfsverkefni með vinnuskólanum í Reykjavík, sem hófst sumarið 2006, var áfram fylgt eftir. Verkefnið miðast við nemendur áttunda bekkjar og nefnist Sköpun úr rusli. Markmið verkefnisins er að efla umhverfisvitund nemenda og leiðbeinenda þeirra ásamt því að fá nemendur til þess að vinna á skapandi hátt með úrgang.

Vinnuskólahópar unnu listaverk, nytjahlut eða hvað annað sem þeim datt í hug úr rusli. Í lok sumars valdi dómnefnd 13 verk til að myndskreyta almanak SORPU árið 2008 sem var gefið út í 10.000 eintökum.

Í almanakinu má finna gagnlegar upplýsingar um endurvinnslu og umhverfismál og var líkt og árið áður hver mánuður tileinkaður mismunandi endurvinnsluflokkum. Almanakið er gefið inn á hverja skólastofu og á allar deildir leikskóla á höfuðborgarsvæðinu, sem og til annarra aðila.




Flokkunartafla SORPU

Flokkunartöflur SORPU hafa verið í boði fyrir almenning og fyrirtæki undanfarin ár. Þær eru reglulega uppfærðar en innihalda ítarlegar upplýsingar um hvernig er best að flokka úrgang, hvert megi skila honum og hvað SORPA gerir við úrganginn. Nýjar og endurbættar flokkunartöflur, fyrir heimili annars vegar og fyrirtæki og stofnanir hins vegar, voru gefnar út í byrjun árs. Flokkunartöflur má nálgast á endurvinnslustöðvum og í Góða hirðinum eða fá þær sendar í pósti.

Vettvangs- og fræðsluferðir

Vettvangsferðir grunnskóla- og leikskólanema

Það voru alls 1205 grunnskólanemendur, eða 35 hópar ásamt kennurum sínum, sem heimsóttu SORPU á árinu. Tilgangur fræðslunnar er að fræða nemendur um umhverfismál, flokkun og endurnýtingu. Í fræðslunni er lögð áhersla á umræður og myndræna framsetningu. Þeir kynnast því hvað er gert við úrganginn sem skilað er til SORPU og fá tilfinningu fyrir því hvað verður um það sem þau setja í tunnuna heima hjá sér. Nemendur fá tækifæri til að skoða mismunandi flokka úrgangs, afurðir úr þeim og leysa verkefni í sameiningu. Vettvangsferðir leikskólanema eru með svipuðu sniði og heimsóttu 17 leikskólar, alls 424 börn, SORPU árið 2007.



Mynd 4.2 Fjöldi einstaklinga sem fengu kynningu hjá SORPU á árunum 2004 til 2007

Umhverfisfræðsla í Álfsnesi fyrir vinnuskólanemendur

Í júní og júlí komu 338 vinnuskólanemendur og leiðbeinendur frá Mosfellsbæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Álftanesi í fræðslu til SORPU. Í ár var lögð sérstök áhersla á breytingar á neyslunumyndum Íslendinga á tuttugustu öldinni og áhrif einstaklingsins á umhverfið. Markmiðið með fræðslunni er að fá nemendur til að vera meðvitaða um eigin neysluvenjur og vekja þá til umhugsunar um hvernig þeir geti haft áhrif á jákvæðan hátt. Að venju endar fræðslan á ýmsum leikjum sem tengjast málefnum; flokkunarkeppni, spurningaleik, ásamt vinnustofu þar sem nemendur fá tækifæri til að spreyta sig á að vinna með úrgang á óhefðbundinn hátt.

Heimsóknir fagaðila, vinnuhópa, nema á framhalds- og háskólastigi o.fl.

Undanfarin ár hefur eftirspurn eftir fræðslu um starfsemi SORPU aukist gríðarlega. Á árinu 2007 komu 598 aðilar úr margvíslegum geirum samfélagsins í heimsókn og er það aukning um 60% frá árinu áður. Markmiðið er, að þeir sem fræðsluna hljóti, fái tilfinningu fyrir því hvernig þeir geti orðið ábyrgir og vistvænir neytendur. Í fræðslunni er skoðað hvernig hægt er að lágmarka úrgang sem verður til hjá hverjum og einum og hvernig má nýta það hráefni sem felst í úrgangi með því að flokka og skila til endurnýtingar.

Sýningar

SORPA var þátttakandi í sýningunni Náttúran og umhverfið sem haldin var á Garðatorgi í Garðabæ þann 2. nóvember. Á sýningunni gafst íbúum Garðabæjar, og annarra sem áttu leið um torgið, kostur á að kynna helstu endurvinnsluflokkum SORPU, fá aðgang að fulltrúa fyrirtækisins og útgefnum flokkunartöflum, auk þess að fá gefins margnota flokkunarpoka.

Auglýsingar

Sjónvarpsauglýsingar og netborðar

Á árinu 2007 var farið í markaðsaðgerðir sem snéru að trúverðugleika gagnvart almenningi. Í árlegri markaðsrannsókn SORPU frá árinu 2006 kom í ljós að trúverðugleiki endurvinnslu meðal almennings hafði minnkað töluvert. Árin 2004 og 2005 voru tæp 75% svarenda á því að endurvinnsla væri trúverðug en í könnuninni árið 2006 töldu aðeins 46% endurvinnslu trúverðuga. Trúverðugleiki fullyrðingarinnar um að úrgangur sem kemur flokkaður til endurvinnslu sé að skila sér í gegnum allan feril endurvinnslunnar hafði því skerst talsvert. Leiðin sem var valin til að svara þessum niðurstöðum voru sjónvarpsauglýsingar sem tóku sérstaklega á trúverðugleika endurvinnslu ásamt því að hvetja almenning til að flokka og skila. Alls voru framleiddar sjö sjónvarpsauglýsingar fyrir trúverðugleikaherferðina þar sem umhverfistrúbadorinn Torfi kom með vinalegar og umhverfisvænar ábendingar. Brot úr sjónvarpsherferðinni var einnig dreift á YouTube og á bloggsíðum. Á árinu var SORPA með marga netborða á heimsíðunum sorpa.is, mbl.is og natturan.is fyrir hina ýmsu flokka þar sem komið var inn á trúverðugleika og almenna endurvinnslu ásamt því að styðja við sjónvarpsauglýsingarnar.



Mynd 4.3 Torfi trúbador

Skilti

Ný skilti voru sett upp á starfssvæði móttöku- og flokkunarstöðvarinnar í Gufunesi fyrir opnun nýs endurvinnslusvæðis í stöðinni. Í lok árs hófst undirbúningur og vinna að nýjum skiltum á öðrum starfsstöðvum fyrirtækisins.

Kannanir

Sóun 2007


Lokahönd var lögð á viðamikla könnun á neysluvenjum og viðhorfi til endurvinnslu sem er samstarfsverkefni SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar koma til umfjöllunar og verða birtar á árinu 2008.

Markaðsrannsókn SORPU 2007

SORPA leggur árlega til spurningar í neyslukönnun Capacent Gallup en H:N Markaðssamskipti vinna úr niðurstöðum þeirra sértæka markaðsgreiningu. Niðurstöður greiningarinnar má taka sem jákvæðum áfangasigri fyrir SORPU og kynningarmálin. Mælingarnar sýna aftur og áframhaldandi jákvæða þróun í flestum lykilþáttum í starfsemi SORPU. Svo virðist sem þær kynningaraðgerðir sem ráðist hefur verið í til hvatningar á flokkun, skilum og komu á endurvinnslustöðvar sem og aukningu á trúverðugleika fyrirtækisins séu að skila árangri. Það er sérstaklega jákvætt er að sjá að enn eitt árið er aukning á fjölda þeirra sem segja að flokkað sé á heimili þeirra. Þó aukningin sé lítil er hún marktæk og sýna kannanir síðustu ára að straumurinn liggur í átt að fjölgun heimila sem flokka. Niðurstöðurnar sýna ennfremur að þau markmið sem sett voru fyrir árið 2007 að ná sterkar til yngri markhópa og hugsanlegra heimila sem eru stórneytendur virðast vera að ganga eftir og má það væntanlega þakka að stórum hluta til meiri áherslu á sjónvarp og netmiðla í aðgerðum síðasta árs.

Fullnaðarsigur er samt ekki unninn og enn eru stór lönd til að herja á. Mikilvægt er að viðhalda sambærilegu áreiti og sterki nálægð í gegnum kynningarmál að til tryggja áframhaldandi jákvæða aukningu á flokkun og skilum sem og viðhorfi.

Ánægja með þjónustu SORPU árið 2007



Mynd 4.4 Úr markaðsrannsókn SORPU 2007

Gæðastjórnunarkerfi

Innri gæðaúttektir

Á seinni hluta árs 2007 hófst vinna við að endurskoða gæðakerfi SORPU í heild sinni. Stefnt er að fá formlega ISO-9000 vottun fyrir stærsta hluta kerfisins á árinu 2008. Mikil vinna er þessu samhlíða við að aðlaga og uppfæra uppsetningu kerfisins, vistun skráa, ferlanálgun og framsetningu. Í kjölfarið er hugmyndafræði kerfisins endurskoðuð sem miðast að því að gera kerfið lifandi stjórnunartæki sem er á engan hátt aðskilið frá almennri starfssemi fyrirtækisins. Það sjónarmið kristallast í því að framvegis verður notast við hugtakið rekstrarkerfi og rekstrarhandbók, þar sem það þykir gefa ganglegri innsýn í eðli kerfisins.

Fræðsla og miðlun upplýsinga innan SORPU

Starfsmannafræðsla

Þemamánuðir SORPU

Á hverju ári er sett fram starfsáætlun í starfsmannamálum í formi þemamánaða, þar sem unnið er að ákveðnum málum tengdum starfsmannastefnu SORPU. Þemamánuðir 2007 unnu með geðrækt, heilsu, flokkun úrgangs, líðsheild, vinnuvernd, símenntun og umhverfisvitund. Staðið var fyrir margskonar kynningum, fræðslu, námskeiðum, keppnum og farið í ferðalag, allt eftir því hvaða leið var best til þess fallinn að koma áherslu mánaðarins á framfæri.

Nýliðafræðsla



SORPA leggur metnað sinn í það að þegar nýr starfsmaður tekur til starfa sé hann inleiddur í starfið með aðstoð fóstora og samstarfsmanna. Eftir nokkrar vikur í starfi er nýjum starfsmanni boðið í kynningarferð um fyrirtækið. Nýliðarnir hlýða á fræðsluerindi um innviði fyrirtækisins, gæða- og umhverfismál, öryggismál, starfsmannamál, þjónustu og aðrar þær áherslur sem lagt er upp með í starfi hjá SORPU. Þá eru allar deildir fyrirtækisins heimsóttar þar sem viðkomandi stjórnandi tekur á mótí hópnum og skýrir frá starfsemi starfsstöðvar. Þessi háttur

hefur verið hafður á til að tryggja að allir starfsmenn okkar tali einum rómi og öðlist betri yfirsýn yfir heildarstarfssemi fyrirtækisins. Árið 2007 fóru alls 50 starfsmenn í nýliðafræðslu, þar af 19 sem sumarstarfsmenn og 31 sem nýráðnir.

SORPU dagar

Sem liður í símenntun starfsmanna var ákveðið að fara með alla starfsmenn í fræðsluferð um fyrirtækið og kynna helstu nýjungar í hverri deild. Með þessu móti fengu eldri starfsmenn að fræðast um það sem hefur verið að breytast í starfsemi SORPU á síðustu árum og nýir starfsmenn fengu kærkomið tækifæri til að kynna betur öðrum deildum og samstarfsmönnum. Góð mæting var í ferðirnar og tókst vel til.

Liðsheildarferð SORPU



Í október fóru allir starfsmenn SORPU í hvataferðir sem miðuðust að því að efla liðsheild innan fyrirtækisins og starfsánægju á meðal starfsmanna. Starfsmönnum var skipt í þrjá hópa en reynt var að raða í hópa með það að markmiði að blanda deildunum sem mest saman. Dagskrá ferðanna var fjölbreytt og tókst að fá alla til að hlæja saman, hreyfa sig, leysa þrautir og sameina krafta sína sem hópur, þ.e.a.s að vinna saman sem ein heild. Var það mál manna að ferðirnar hefðu verið einstaklega skemmtilegar og hrist okkar stóra starfsmannahóp vel saman.

PEP námskeið

Þeim starfsmönnum SORPU sem starfa við skrifstofuvinnu var boðið að sitja PEP þjálfun á vegum IBT á Íslandi. Markmið með PEP þjálfun er að auka yfirsýn og afköst, minnka álag og auka frítíma með því að draga úr frestunarávæna. Það er gert með því að þjálfa fólk í að móttaka verkefni, koma þeim á dagskrá, fylgja þeim eftir og klára.

Miðlun upplýsinga og fréttanna innan SORPU

Mikilvægi upplýsingaflæðis innan fyrirtækja verður seint vanmetið, ekki síst þegar starfstöðvar eru dreifðar um stórt svæði. Upplýsingum má koma til skila á starfsmannafundum og í daglegum samskiptum en til að tryggja að mikilvægar fréttir komist til allra starfsmanna eru send út fréttabréf og rekinn aðgangsstýrður starfsmannavefur.

Fréttabréf SORPU

Flokkarinn er vettvangur SORPU til að koma skilaboðum, upplýsingum, fréttum eða fræðslu áleiðis til starfsmanna sinna. Flokkarinn er gefinn út u.þ.b. mánaðarlega og er sendur heim til starfsmanna og auk þess hengdur upp á öllum starfstöðvum.


Ruslakistan er veigameira fréttabréf sem er tileinkað starfsmönnum og kemur út á hálfárs fresti. Í blaðinu er fjallað á léttan og skemmtilegan hátt um ýmis starfsmannatengd mál og sagt frá viðburðum liðinna stunda í máli og myndum. Starfsmenn geta sjálfir haft áhrif á innihald Ruslakistunnar með aðsendu efni.

Einu sinni á ári er gefið út umhverfisblaðið Vistvitinn en með útgáfunni er reynt að fræða starfsmenn um ýmsar hliðar umhverfismála. Í blaðinu er til að mynda lögð áhersla á að kynna starfsmönnum stöðu SORPU sem umhverfisfyrirtækis, mikilvægi endurvinnslu úrgangs og fjallað um allar hliðar Vistverndar í verki.

Ritstjórn: Elva Rakel Jónsdóttir og Ragna I. Halldórsdóttir, ábyrgðarmaður.

Starfsmannavefur SORPU

Í tengslum við heimasíðuna heldur SORPA úti aðgangsstýrðum starfsmannavef. Vefurinn er í senn upplýsingaveita, gagnabanki fyrir útgefið efni, myndasafn frá starfsmannaviðburðum og auglýsingamiðill fyrir viðburði. Á vefnum geta starfsmenn einnig nálgast skjöl gæðahandbóka og eyðublöð ábendingarkerfis á rafrænu formi. Ekki eru þó allar starfsstöðvar SORPU með nettengda tölvu og því eru nauðsynlegar upplýsingar aldrei eingöngu birtar á starfsmannavefnum.



Mynd 4.5 Samanburður á fjölda heimsóknna á starfsmannavefinn á árunum 2003 til 2006

Töluvert minni aðsókn var á starfsmannavefinn á árinu 2007 en árið áður. Heimsóknir inn á vefinn voru að meðaltali um 187 á mánuði en það er 57% fækkun heimsóknna á milli ára. Alls voru 2248 heimsóknir skráðar á starfsmannavefinn.

Heilsa og öryggi starfsfólks SORPU

Heilsufarsskoðanir starfsmanna

SORPA er með þjónustusamning við fyrirtækið Heilsuverndarstöðin ehf. (þá Inpro ehf.) um samstarf að ýmsum málum er varða vinnuvernd, heilsuefingu og öryggi á vinnustað. Þetta samstarf felur m.a. í sér að hjúkrunarfræðingar Heilsuverndarstöðvarinnar framkvæma í upphafi árs heilsufarsskoðun og bólusetningar á öllum starfsmönnum sem það kjósa. Árið 2007 nýttu sér 52 starfsmenn þessa þjónustu. Að hausti stendur öllum til boða að fá sprautu gegn influensu.

Áhættumat

Heilsuverndarstöðin veitir einnig aðstoð við framkvæmd á áhættumati en starfsemi endurvinnslustöðva var endurmetin í heild sinni á árinu 2007. Áframhaldandi vinna við áhættumat átti sér stað í öðrum deildum m.a. með mælingum í móttökustöðinni á hvoru tveggja hávaða og koltvísýringi og gerð áhættumats fyrir þungaðar konur í móttökustöð og á vigt.

Starfsmannaviðburðir

Gæða- og þjónustusvið stendur fyrir ýmsum af stærstu starfsmannasamkomum fyrirtækisins, svo sem að undirbúa og skipuleggja fjölskyldufagnað að hausti í Álfsnesi og jólaföndur.

Fjölskyldufagnaður

Fjölskyldufagnaður að hausti heppnaðist með eindæmum vel þetta árið og var mæting töluvert betri en verið hefur. Í boði voru fullt af skemmtilegum leikjum, grill, varðeldur og kvöldvaka. Hátindur hátíðarinnar voru Álfsnesleikarnir 2007 þar sem allir tóku þátt í æsispennandi keppni við ruslaskrímslin ógurlegu. Á Álfsnesleikunum keppa ruslaskrímsli og menn sín á milli í ýmsum þrautum. Áður fyrr unnu ruslaskrímslin allar keppnir á milli skrímsla og mannfólksins en síðast var keppt árið 1907. Starfsmenn SORPU voru að sjálfsgöðu sigurvegarar leikanna 2007.



Mynd 4.6 Ruslaskrímslaleikur á fjölskyldufagnaði starfsmanna SORPU

Jólaföndur

Fyrstu helgi aðventu er haldið jólaföndur SORPU fyrir starfsmenn fyrirtækisins og fjölskyldur þeirra. Að öllu jöfnu hefur verið lagt upp með að fönndra úr því hráefni sem berst til SORPU og í ár voru fönndraðir snjóstaukar úr pappahólkum sem okkur áskotnaðist frá Papco hf., jólasveinar úr trépríhyrningum sem við áttum frá fönndri s.l. ára og hitaplattar úr gosflöskutöppum. Ágætis mæting var í fönndrið, menn undu glaðir við sitt, jólasveinar komu í heimsókn og að lokum voru borðaðar vöfflur með rjóma, piparkökur og drukkið heitt súkkulaði með.

Starfsmannafélagið

Starfsmannafélag SORPU sér um að skipuleggja margskonar viðburði ár hvert og má þar helst nefna jólahlaðborð, bíó- og leikhúsferðir. Sökum fámennis í stjórn SFS sátu fulltrúar gæða- og þjónustusviðs fundi starfsmannafélags og gekk samstarfið prýðilega á árinu. Gæða- og þjónustusvið hefur einnig séð um auglýsingagerð fyrir alla viðburði starfsmannafélagsins. Starfsmannafélag starfaði með gæða- og þjónustusviði við undirbúning og vinnu að fjölskyldufagnaði í Álfsnesi og jólaföndurs.

5 Móttöku og flokkunarstöð



Starfsmannahald

Ágætlega hefur gengið að manna stöður í móttöku- og flokkunarstöð þótt þensla sé á almennum vinnumarkaði. Ákveðinn kjarni starfsmanna hefur starfað hjá SORPU í nokkur ár og léttir það mjög á þjálfun nýliða en alltaf eru einhverjar breytingar á mönnun. Algengt er að ungt starfsfólk hverfur frá vinnu til að sinna áframhaldandi námi.

Ársverk í móttöku- og flokkunarstöð og á viðhalds- og vinnslusviðum voru 20,17 á árinu og hefur nánast staðið í stað milli ára.

Fastir starfsmenn eru 13 á vinnslusviði, auk verkstjóra.

Á viðhaldssviði starfa 3 fastir starfsmenn.

Þá eru ráðin 8 ungmenni til vinnu yfir sumartímann.

Stöðvarstjóri er Jón Ólafur Vilhjálmsson.

Verkstjóri er Ásmundur Jónsson.

Aðstoðarverkstjóri er Sigurður Jón Guðmundsson.

Rekstur og skipulagsbreytingar í starfsemi móttökustöðvar

Breytingar á vélakostum hafa verið miklar í móttökustöð. Sett var upp ný sorphakkavél í mars og jukust afköstin verulega frá því sem var, enda ekki vanþörf á. Magn grófs úrgangs og litaðs timburs sem fer í gegnum þá vinnslu hefur aukist um 20% á þessu ári og hefur svo verið síðustu 4 ár. Eldri vélin var orðin afkastalítill enda orðin 12 ára gömul.

Nokkur hagræðing átti sér stað við vinnslu endurvinnanlegra efna. Ákveðið var að nýta sér eldri pressu til að bagga endurvinnanleg efni. Áður hafði ein og sama pressan verið notuð fyrir hvoru tveggja almennan úrgang sem og fyrir endurvinnanleg efni en þurfti að tæma hana og þrifa á milli. Þar sem timburhakkavélin hafði verið flutt úr húsi var sett í hennar stað uppgerð eldri pressa við böggun á endurvinnanlegum efnum, sem ekki hafði hentað til að bagga almennan úrgang. Við hana voru sett ný færribönd sem tengd voru við tvö síló ásamt göngugólfi.

Með þessum breytingum er nú sérstakt síló fyrir hvern af stóru flokkunum af endurvinnanlegum efnum, það er að segja dagblöðum og tímaritum, bylgjupappa og pappírsumbúðum. Endurvinnanleg efnin eru nú öll pressuð og böggðu í öðrum enda hússins, sem nefnist nú Straumur til framtíðar. Samhliða þessum breytingum voru settar skýrar merkingar á allar pressur og hakkara í stöðinni.

Afköst í þessari vinnslu hafa margfaldast við þessar hagræðingar. Pressunum fjölgaði því ekki heldur var hagrætt til að auka afköst með þann tilgang að aðskilja algjörlega efni til endurvinnslu frá þeim efnum sem fara í urðun. Þessum breytingum var að fullu lokið í lok nóvember.

Formleg opnun á Straumi til framtíðar fór fram 30. nóvember 2007. Viðstaddur opnunina var fulltrúi frá IL Recycling, stjórnarmeðlimir SORPU og aðrir gestir. Vélin var formlega gangsett og gafst gestum tækifæri til að skoða sig um í móttökustöðinni. Í kjölfarið bauð SORPA upp á veitingar í matsalnum í Gufunesi.



Mynd 5.1 **Straumur til framtíðar formlega tekinn í notkun**

Viðhald á búnaði

Viðhaldi á búnaði í stöðinni hefur verið sinnt af starfsmönnum viðhaldssviðs. Viðhald hefur aðallega snúið að færriböndum og pressum, en fyrirbyggjandi viðhald tekur þó alltaf mestan tíma. Verktakar voru fengnir til að vinna að breytingum sem gerðar voru vegna hagræðingar á vinnslu endurvinnanlegra efna, þar sem starfsmenn í viðhaldsdeild hafa nóg með að sinna þeim vélakosti sem er stöðugt í gangi og þarf töluvert viðhald. Það er reynsla okkar að úrgangur fer ekki vel með vélar hversu góðar sem þær eru.

Gangtími véla við áramót

Það skal tekið fram að Herkúles (sorphakkavél) var tekin í notkun í apríl 2007. Frá því að eldri hakkari var tekinn niður og þar til ný vél var gangsett brutu verktakar gróft efni með vél. Linda, pressan sem nú pressar endurvinnanleg efni, var tekin í gagnið að hluta í júlí 2007.

Tafla 5.1

Vél	2006	2007
Rósa	1.086 klst.	2.752 klst.
Pála	9.849 klst.	11.286 klst.
Linda	16.851 klst.	26.969 klst.
Herkúles (sorphakkavél)	0 klst.	967 klst.
Timburtætari	7.916 klst.	9.148 klst.
Forbrjótur	3.277 klst.	4.509 klst.

Húsnæði og umhverfi

Útisvæði

Hreinsun á frárennsli móttökustöðvarinnar er nú með öðrum hætti eftir að það var tengt frárennsli Reykavíkurborgar á árinu 2006. Sett var grófara efni í sandsíurnar og er skipt um það einu sinni á ári en fitugildra er hreinsuð að meðaltali sex sinnum á ári eða eftir þörfum.

Eftir að frárennslinu var breytt 2006 lauk árlegum efnamælingum sem gerðar hafa verið frá árinu 1997. Síðustu niðurstöður, sem fengust árið 2005, má nálgast niðurstöður í ársskýrslu SORPU 2005 og ársskýrslu SORPU 2006. Niðurstöður úr efnamælingum hafa ávallt verið innan viðmiðunarmarka.

Notkun á vatni

	2007	2006
Kalt vatn	28.102 tonn	37.872 tonn
Heitt vatn	23.324 tonn	27.738 tonn

Notkun á heitu vatni er svipuð og áður, hefur minnkað lítilsháttar, en notkun fer mikið eftir hve mikið er um frost á veturnum. Ef kalt er þarf að blanda þvottavatnið upp með heitu vatni. Notkun á köldu vatni dróst saman en er það mikið notað við timburvinnslu og voru gerðar tilraunir með að minnka vatnsnotkun þar. Mikil úrkoma var á haustmánuðum og var timbur þar af leiðandi blautara er það kom til vinnslu, þar sem það er geymt úti.

Viðhald útisvæðis og snyrting umhverfis móttökustöð og skrifstofu hefur verið með svipuðum hætti frá ári til árs. Ungmennni, sem eru ráðin í garðahóp, hafa séð um að snyrta umhverfi móttökustöðvar og skrifstofu en auk þess hafa þau séð um að slá grasflatir sem tilheyrðu Áburðarverksmiðjunni áður.

Afgreiðslutími

Afgreiðslutími móttöku- og flokkunarstöðvar er alla virka daga frá kl. 07:30 – 18:00. Á laugardögum er opið frá kl. 10:00 til 18:00 og hefur það verið óbreytt allt árið.



Mynd 5.2 Loftmynd tekin af móttökustöðinni í Gufunesi 2007

Magntölur og endurvinnsla

Magn endurvinnsluefna innvegin í móttökustöð jókst um 0,58% miðað við síðastliðið ár.

Á sama tíma jókst heildarmagnið um 3,1%. Sjá töflu 5.3.

Þess ber að geta að endurvinnsluefni sem flutt eru út beint frá úrgangshafa koma ekki inn í móttökustöðina.

Tafla 5.2 Innvegið magn úrgangs (tonn)

	2007	2006
Á árinu var alls tekið á móti	117.792	114.221
Frá eftirtöldum aðilum:		
Frá sorphirðu sveitarfélaga (Hafnarfjörður undanskilinn)	38.697	38.650
Frá endurvinnslustöðvum	25.069	22.921
Frá söfnunarfyrirtækjum	27.059	31.511
Frá öðrum	26.967	21.139

Í töflu 5.2 vantar notkun á ýmsum efnum í móttöku- og flokkunarstöð s.s. bindivír, vatnsnotkun við vinnslu, og sand í síum, lager efna en talsvert magn var á lager um áramót. Þessi efni eru hins vegar í hinum ýmsu flokkum í töflu 5.3.

Tafla 5.3 Til ráðstöfunar frá móttöku- og flokkunarstöð (tonn)

	2007	2006
Til endurvinnslu/endurnota erlendis	10.291	11.765
Til endurvinnslu/endurnota innanlands	25.526	23.529
Endurvinnsluefni alls	35.817	35.294
Urðun	86.373	82.721
Samtals	122.190	118.015

Til viðbótar sér móttökustöðin um útflutning á endurvinnsluefnum beint frá úrgangshafa.

Verktakar

G.T. Verktakar eru með alla vélavinnu og flutninga fyrir móttökustöðina samkvæmt tilboði sem er í gildi til 31. mars 2010.

Erlend samskipti

Mest af pappír og pappa ásamt glæru plasti hefur eins og mörg undanfarin ár verið selt til IL Recycling. SORPA hefur áunnið sér mikið traust í þeim viðskiptum, en hreinleiki efna sem frá SORPU kemur er með því besta sem þekktist. Verðkönnun var framkvæmd meðal stórra endurvinnsluaðila erlendis seint á árinu og að því loknu gengið til samninga við IL Recycling um móttöku á endurvinnanlegum efnum næstu þrjú ár.

Rannsóknarverkefni um samsetningu húsasorps

Allt frá 1993 hafa starfsmenn SORPU farið skipulega í gegnum 100 kg úrtak af heimilisúrgangi frá hverju póstnúmeri á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður ársins 2007 voru ekki ósvipaðar frá árinu 2006 nema að dagblaða, tímarita og auglýsingapóstur hafði farið úr 27% í 20% sem má teljast nokkuð gott. Samkvæmt öðrum rannsóknum sem SORPA hefur látið framkvæma, sjá umfjöllun um markaðsrannsókn SORPU 2007 í kafla 4, má sjá að almenningur tekur þátt í að flokka úrgang í auknum mæli og ber því saman við minnkun í magni dagblaða.

Tafla 5.4 Rannsóknarverkefni um flokkun húsasorps

	Nóvember 2005	Nóvember 2006	Nóvember 2007
Tegund úrgangs	%	%	%
Endurvinnanlegt			
Bylgjupappi	2,58%	3,56%	4,18%
Dagblöð	22,38%	26,63%	19,42%
Fatnaður	2,57%	3,30%	3,07%
Garðaúrgangur	0,62%	0,71%	0,70%
Gler án skilagjalds	3,60%	3,28%	3,01%
Gler með skilagjaldi	0,80%	0,45%	1,04%
Gosdósir	0,22%	0,22%	0,24%
Málmar	2,34%	2,29%	2,40%
Plastumbúðir með skilagjaldi	0,43%	0,44%	0,44%
Raftæki	0,76%	0,54%	0,41%
Steinefni	3,49%	1,32%	0,04%
Timbur	0,87%	0,86%	1,14%
Umbúðir úr sléttum pappa og fernur	2,80%	6,16%	7,29%
Plastumbúðir án skilagjalds	0,00%	13,04%	13,07%
Vax	0,11%	0,38%	0,11%
Samtals endurvinnanlegt	43,56%	64,04%	56,15
Matarleifar	26,22%	22,94%	24,99%
Óendurvinnanlegt			
Bleirur	5,53%	4,17%	5,52%
Glært plast (með plastumbúðum 2006 og 2007)	0,94%	0,00%	0,00%
Gólfdukur	0,00%	0,00%	0,00%
Umbúðir úr sléttum pappa	4,67%	0,00%	0,00%
Plast að mestu hart	0,04%	1,03%	1,38%
Plastumbúðir án skilagjalds	12,53%	0,00%	0,00%
Sorp	6,04%	7,90%	10,82%
Samtals óendurvinnanlegt	29,76%	12,25%	18,10%
Spilliefni	0,47%	0,78%	0,73%
Samtals alls	100,00%	100,00%	100,00%

6 Endurvinnslustöðvar



Starfsmannahald

Ársverk á endurvinnslustöðvum voru 37,98 á árinu (36,77 árið 2006), fastir starfsmenn, sumarafleysingafólk, íhlaupafólk og garðahópur.

Tveir umsjónarmenn, Stefán Örn Einarsson og Steinunn Jónsdóttir sjá um daglega verkstjórn.

Rekstrarstjóri er Ásmundur Reykdal.

Verktakar - verksamningar

Eftirtaldir verktakar eru með verksamninga við endurvinnslustöðvar SORPU:

Gámastöðin ehf.

Endurvinnslustöðin við Jafnasel.

Gámaþjónustan hf.

Endurvinnslust. við Sævarhöfða, Mosfellsbæ og Kjalarnes.

Íslenska gámafélagið ehf.

Endurvinnslustöðvar við Dalveg, Miðhraun og Ánanaust

Allir verksamningar vegna endurvinnslustöðva renna út 31. desember 2007.



Í apríl sl. fór fram útboð á gámaleigu og flutningum fyrir endurvinnslustöðvar. Í fyrsta sinn háttar svo til að verksamningar allra stöðvanna eru lausir á sama tíma, um áramót 2007/2008. Ákveðið var að bjóða verkið út til 5 ára. Mögulegt var að bjóða í allar stöðvarnar eða eina og allt þar á milli. Tilboð voru opnuð 21. júní á skrifstofu SORPU í Gufunesi. Lægstbjóðandi reyndist GT gámar ehf. með 38,5% af kostnaðaráætlun. Þeir drógu tilboð sitt til baka og var gengið til samninga við næstbjóðanda, Íslenska gámafélagið ehf., um verksamning vegna allra sjö endurvinnslustöðva SORPU á höfuðborgarsvæðinu. Samningar voru undirritaðir 31. júlí 2007.

Mynd 6.1 Við undirritun samninga við Íslenska gámafélagið ehf.

Framkvæmdir

Á árinu var girðing stöðvarinnar á Kjalarnesi endurnýjuð frá grunni. Starfsmannahús stöðva voru máluð og skipt um húsgögn.

Söfnun dagblaða og umbúða úr sléttum pappa

Endurvinnslustöðvar SORPU


Á endurvinnslustöðvum söfnuðust 2.701 tonn af dagblöðum og tímaritum (2.703 tonn). Af umbúðum úr sléttum pappa söfnuðust 87,8 tonn (59,3 tonn).

Grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Rekstur grenndarstöðva með nýju sniði, sem hófst í mars 2006 þar sem SORPA sér um reksturinn, hefur gengið framur vonum. Íbúar virðast nota sér þessa þjónustu í auknu mæli og verktaki hefur staðið sig vel. Fáar kvartanir berast vegna sóðaskapar eða fullra íláta, það er helst að íbúar kvarti yfir of fáum grenndarstöðvum. Ekki gengur reksturinn þó alveg vandkvæðalaust. Nokkuð hefur verið um að veggjakrotarar hafa veitt hvötum sínum útrás á sléttum flötum gámana og valdið þannig umtalsverðum kostnaði vegna þrifa og endurmerkinga.




Samtals söfnuðust 175,5 tonn (136,7 t.) af umbúðum úr sléttum pappa, aukning um 28,3%, og 3.821 tonn (3.492 t.) af dagblöðum og tímaritum, aukning um 9,42%, í grenndargáma árið 2007. Óhætt er að segja að árangurinn fór fram úr björtustu væntingum. Þó má eflaust gera betur með því að fjölga grenndarstöðvum, staðsetja þær á aðgengilegum stöðum og hvetja íbúa til að nota þjónustuna. Heildar ávinningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu 2006, sem kemur til vegna þess að dagblöð og pappírsumbúðir úr grenndarstöðvum fara til endurvinnslu í stað urðunar, er 9.337.000 krónur. Óhætt er að segja að sá ágæti árangur sem náðst hefur með þessu verkefni hefði ekki komið til nema vegna góðrar þátttöku íbúa á svæðinu og kunnum við þeim þakkir fyrir.



Mynd 6.2 Samanburður á söfnun dagblaða og umb. úr sl. pappa, kg. pr. íbúa pr. sveitarfélaga 2007

Magntölur


Á árinu 2007 var tekið á móti samtals 44.776 tonnum úrgangs (41.729) á endurvinnslustöðvum SORPU sem er 7,30% aukning frá fyrra ári og er stærsta árið að magni til frá upphafi.



Mynd 6.3 Heildarúrgangsmagn á endurvinnslustöðvum 2006 og 2007 í kg


Breyting efnisflokka í % milli 2006 - 2007

0% línan er staða flokkanna 2006



Mynd 6.4 Breyting á úrgangsmagni í % eftir úrgangsflokkum 2006-2007


Eins og sést á mynd 6.4 hefur orðið aukning í flestum efnisflokkum, sérstaklega garðaúrgangi. Skýringin er sú að ákveðinn hluti garðaúrgangs sem fór áður til endurvinnslu með ólituðu timbri, svo sem drumbar og trjábólir, var á árinu 2007 skilað með öðrum garðaúrgangi til moltuvinnslu.




Mynd 6.5 Farvegir úrgangs frá endurvinnslustöðvum

Á endurvinnslustöðvum SORPU er lögð áhersla á flokkun úrgangs og að sem stærstur hluti fari til endurvinnslu eða endurnýtingar. Árangurinn byggist þó á vilja viðskiptavina til að skila sínum úrgangi flokkuðum og einnig á þeim leikreglum sem ríki og sveitarfélög setja um málaflokkinn.

Magntölur, þróun síðustu þriggja ára 2005-2006-2007



Mynd 6.6 Úrgangsmagn á endurvinnslustöðvum 2006 - 2007 í kg



Mynd 6.7 Önnur endurvinnsluefni: Skór, skilagjaldsskyldar umbúðir og kertavax í kg

Skóm er safnað í samstarfi við Samtök íslenskra kristniboðsfélaga.


Kertavaxi er safnað í samstarfi við Sólheima í Grímsnesi.

Endurvinnslan ehf. og SORPA bs. hafa með sér þjónustusamning um móttöku skilgjalddsskyldra umbúða á endurvinnslustöðvum SORPU.

Á endurvinnslustöðvum er einnig tekið á móti ýmsum búnaði og nytjahlutum fyrir Góða hirðinn, nytjamarkað SORPU og líknarfélag.

Annað

Síðla árs var SORPU úthlutað lóð fyrir nýja endurvinnslustöð að Breiðhelli 8-10 í Hafnarfirði. Vonast er til að stöðin verði tilbúin til notkunar um áramótin 2008/2009. Eins og áður hefur komið fram í ársskýrslu, er endurvinnslustöðin við Miðhraun, sem þjónar Hafnfirðingum, Garðbæingum og Álfnesingum, löngu orðin of lítil til að anna því álagi sem þar er. Vonast er til að með tilkomu nýrrar stöðvar á suðursvæðinu verði biðraðir sem nú eru daglega í Miðhrauni úr sögunni.



Mynd 6.8 Magn úrgangs mótttekið á endurvinnslustöðum frá árinu 2000 til lok árs 2007 í tonnum



7 Próunar og tæknideild

Starfsmannahald

Í ársbyrjun 2007 voru sjö starfsmenn í Álfsnesi. Ársverk í deildinni voru 8,74. Átta sumarstarfsmenn störfuðu í Álfsnesi við ýmis verk, mislengi þó. Einn franskur verkfræðinemi á vegum verkfræðideildar Háskóla Íslands var við rannsóknir á vatnsstöðu og gasmyndun í haugnum sumarlangt. Niðurstöður hans voru kynntar á málstofu sem verkfræðideildin stóð fyrir. Af sjö starfsmönnum í Álfsnesi eru tveir sem sinna eingöngu gasvinnslunni og að auki fer mikill tími verkstjóra í þann hluta starfseminnar.

Verkstjóri urðunarstaðar er Guðmar F. Guðmundsson.

Deildarstjóri var að hluta Jón Ó. Vilhjálmsson stöðvarstjóri móttökustöðvar. Þá sinni framkvæmdastjóri mestu af því er laut að gasvinnslu á svæðinu.

Urðun og vinnsla úrgangs

Allur úrgangur sem tekið var við í Álfsnesi árið 2007 var færður yfir vigt.

Tafla 7.1 Móttaka úrgangs í Álfsnesi árið 2006 og 2007 (tonn)

	2007	%	2006	%
Baggað	123.977	70,8	122.771	68,1
Óbaggað	51.112	29,2	57.409	31,9
Samtals móttakið í Álfsnesi	175.089	100,0	180.180	100,0



Til baggaðs úrgangs telst m.a. sekkjaður sláturúrgangur og úrgangur sem berst á brettum og er með góðu móti hægt að sinna með venjulegum tækjabúnaði. Magn sem barst í Álfsnes dróst saman um 2,8% á árinu en hafði aukist um 11,2% árið áður og um 18,1% milli árana 2005 og 2006.

Þó svæðið í Álfsnesi sé ætlað til urðunar fer þar fram ýmis konar endurvinnsla. Má þar nefna tilraunaverkefni með endurvinnslu á garðaúrgangi, gleri, hrossataði, lituðu timburkurli og steinefni. Sumt af því efni sem berst í Álfsnes er notað við framkvæmd urðunar, við vegagerð eða við

gerð urðunarreina og kemur þá í stað jarðefna sem annars þyrfti að flytja að um langan veg. Þetta á t.d. við um gler og steinefni.

Tafla 7.2 Móttaka og meðhöndlun á úrgangi og endurvinnsluefnum í Álfsnesi árið 2006 og 2007

	2007	%	2006	%
Endurrunnið í Álfsnesi	44.495	25,4%	51.723	28,7%
Urðað í Álfsnesi	130.594	74,6%	128.457	71,3%
Samtals meðhöndlað í Álfsnesi	175.089	100,0%	180.180	100,0%

Framkvæmdir og fjárfestingar

Aðalverktaki við röðun bagga í rein og urðun er H.J. bílar ehf.

Lokið var við gröft á rein 9 í Álfsnesi í byrjun maí. Rein 9 er frábrugðin fyrri reinum að því leyti að þar er land farið að hækka. Vinna í klöpp var meiri og því mun meira um sprengingar en áður hefur verið. Verktaki við sprengingar var Íslenska gámafélagið.

Moltuvinnsla SORPU í Álfsnesi var með breyttu sniði þar sem vél sem SORPA hafði á leigu fékkst ekki lengur. Var brugðið á það ráð að fá verktaka til að tæta múgana um leið og þeim var snúið og reyndist

sú aðferð vel. Minna pláss þarf við þessa nýju aðferð þar sem múgarnir geta verið mun stærri en áður. Hægt væri að framleiða mun meira af moltu ef nægt gras fengist, en trjákurli sem berst í Álfsnes er meira en það gras sem þarf á móti til að nýta það til moltuvinnslu. Þá eru vonandi fleiri sem sjá sér hag í því að nota moltu meira þar sem verð á áburði hefur hækkað mikið og ætti að vera hagkvæmara en áður að nota moltu.

Endurnýjaður var traktor sem notaður er við hreinsun og mokstur á moltunni ásamt tilfallandi véla- verkefnum. Óskað var eftir tilboðum í vél snemma vetrar og átti Vélfang ehf. hagstæðasta tilboðið. Samið var við fyrirtækið á grundvelli tilboðs um kaup á Fendt dráttarvél með ámoksturstækjum og snjótönn.

Í Álfsnesi hafa verið flutt rúm 4.000 tonn af timburkurli til geymslu en mun meira hefur verið unnið af kurli í móttökustöð til notkunar í Íslenska járnblendifélaginu á Grundartanga en þörf er á. Er vonast til að timburkurlið verði notuð í enn meira mæli í framtíðinni. Ágætt getur verið að eiga birgðir upp á að hlaupa en magn timburs sem berst til SORPU er sveiflukennt og háð ýmsum ytri aðstæðum.

Móttaka úrgangs og önnur útboðsverk

Móttaka úrgangs gekk vel á árinu. Verktaki við móttöku og urðun er HJ bílar ehf. en samningur þeirra rennur út um áramótin 2008/2009. Veðurfar var þannig á árinu að loka þurfti fyrir móttöku í um 80 klukkustundir (140,5) á venjulegum afgreiðslutíma eða í u.þ.b. 10 daga (m.v. 8 tíma vinnudag). Engin útboð, önnur en vegna borunar á gasholum, fóru fram á árinu.

Gasvinnsla

Á miðju sumri var tengdur nýr brennari við gasstöðina en sá er fyrir var eyðilagðist í bruna. Í gashreinsistöðinni voru endurnýjaðar lágþrýsti-pressur og voru þær tilbúnar og uppsettar í stöðinni í lok desember. Við þessar breytingar jókst afkastageta til muna sem og afhendingaröryggi. Á árinu var boðin út borun á gasvinnsluholum í eldri reinar og var í framhaldi þess útboðs samið við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. um borun og hófst verkið á haustmánuðum. Í þessu verki var einnig farin ný leið með útfærslu á borholum en þær voru nokkuð sverari en fyrri holur auk þess sem plaströr voru notuð og umhverfis þau perlumöl. Lofar þessi nýbreytni góðu.

Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt gasleiðslu úr Álfsnesi að Breiðhöfða þar sem metangas-afgreiðsla N1 hf. er staðsett en gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja notkun á leiðslunni á miðju ári 2008.

Metan hf., dótturfyrirtæki SORPU, hélt eins dags ráðstefnu þann 8. febrúar í tilefni að tíu ár voru liðin frá því hafist var handa við að safna hauggasi í Álfsnesi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Hvernig ökum við í átt að vistvænni framtíð – verður metan lykilorðið?“. Ráðstefnan var vel sótt og áhugaverðir fyrirlestrar fluttir sem nálgast má á heimasíðu Metan hf., metan.is.



Mælingar og rannsóknarniðurstöður sigvatns

Eins og venja er, fylgja með í viðaukum niðurstöður allra efnamælinga sem gerðar voru á árinu 2007. Samkvæmt mælingum þarf ekki að hafa áhyggjur af mengun sigvatns frá urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Ábendingar og kvartanir

Ábendingar vegna lyktarmengunar berast af og til. Á árinu 2007 bárust tvær ábendingar og bendir það til þess að breytt verklag hafi skilað einhverjum árangri. Meindýraeyðar hófu vargfuglaeyðingu í Álfsnesi upp úr miðjum júní ásamt því sem starfsmenn urðunarstaðar sáu um vargfuglaeyðingu á árinu. Vargfuglaeyðing er áskilin í starfsleyfi urðunarstaðar.

Tafla 7.3 Fjöldi skotinna fugla í Álfsnesi á tímabilinu maí til september.

	2007	2006	2005
Svartbakur	845	865	697
Sílamávur	4.318	1.673	2.542
Samtals fuglar skotnir	5.163	2.538	3.239

Þróunarverkefni

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Samstarf SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurlands sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar hélt áfram á árinu. Þeir hópar ráðgjafa sem ráðnir voru til ýmissa athugana árið 2006 skiluðu af sér sinni vinnu. Verkefnisstjóri skilaði af sér tillögum, byggðum á niðurstöðum ráðgjafa í júní og má nálgast niðurstöður á heimasíðu SORPU, sorpa.is.

Verkefnisstjórn ásamt stjórnarmönnum samstarfsaðila hélt í skoðunarferð um Norðurlöndin í október/nóvember til að skoða þær tæknilausnir sem helstar koma til greina. Í ferðinni tóku þátt:

f.h. SORPU bs

Björn H. Halldórsson

Gísli Marteinn Baldursson

Guðfinna Guðmundsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir

Kristján Sveinbjörnsson

Ómar Stefánsson

Páll Hilmarsson

Þór Sigurgeirsson

Ögmundur Einarsson

f.h. Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Björn Bjarndal Jónsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Ólafur Áki Ragnarsson

Örn Þórðarson

f.h. Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf

Guðjón Guðmundsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Oddný Harðardóttir

Stefán B. Ólafsson

f.h. Sorpurðunar Vesturlands hf

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Gísli S. Einarsson

Gunnar Sigurðsson

Hrefna B. Jónsdóttir

Kristinn Jónasson

Haldið var til Osló og Hamar í Noregi þann 28. október. Daginn eftir var gas- og jarðgerðarstöð Solum í Elverum skoðuð og því næst haldið til Óras og skoðuð sk. OptiBag lausn og endurvinnslustöð. Í Óras flokka íbúar úrgang í mismunandi lita poka sem síðan eru flokkaðir með „optískri“ greiningu á móttökustað. Haldið var út á flugvöll og flogið til Kaupmannahafnar. Daginn eftir var fyrst haldið á skrifstofur ráðgjafafyrirtækisins Ramböll í Kaupmannahöfn en þar var hlýtt á fyrirlestur um stöðu úrgangsmála í Evrópu/Danmörku með sérstaka áherslu á brennslu og samband efnisendurvinnslu og brennslu. Þá var brennslustöðin Nordföbrænding í Hörsholm skoðuð en hún er af svipaðri stærðargráðu og hentað gæti hér á suðvesturhorni landsins og er í eigu fimm sveitarfélaga. Stöðin stendur nánast í miðju íbúðarhverfi og sækir íbúðabyggð sífellt nær (sjá nordf.dk). Stöðin brennir um 120 þús. tonnum af úrgangi á ári.

Að lokinni skoðunarferð í Nordförbrændning var haldið yfir sundið til Malmö og fyrirtækið SYSAV skoðað, en það er hlutafélag í eigu 14 sveitarfélaga í suðurhluta Skáns. Fyrirtækið rekur brennslu-stöð, urðunarstað, stendur fyrir efnisendurvinnslu, jarðgerð úr garðaúrgangi og er að hefja gasgerð úr lífrænum úrgangi. Alls höndlaði fyrirtækið með 870.000 tonn af úrgangi árið 2006 og var 91,7% úrgangsins endurunnið í efnisendurvinnslu og orkuvinnslu. Þann 31. október var síðan haldinn stjórnarfundur SORPU bs. í Kaupmannahöfn og bættist þá Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar, í hópinn. Síðan var haldinn sameiginlegur fundur þátttakenda í ferðinni áður en haldið var heim á leið.



Mynd 7.1 Aíkan stöðin í Elverum (t.v.) og vinnslan í Aíkan stöðinni skoðuð (t.h.)



Mynd 7.2 Endurvinnslustöð í Öras (t.v.) og OptiBag kerfi í Öras (t.h.)



Mynd 7.3 Útsýni af efstu hæð Nordförbændning, sjá má skrifstofurnar næst, íbúðarbyggð fjær (t.v.) og dæmi um opinn arkitektúr hjá Nordförbrændning (t.h.)

Í lok ferðar lagði síðan verkefnisstjórn fram sínar tillögur fyrir stjórnir samstarfsaðila og voru þær samþykktar af stjórnunum allra fyrirtækjanna. Tillögurnar voru síðan sendar eigendum til umfjöllunar og samþykktar. Þeirri umfjöllun var ekki lokið um áramót.

Fundir, ráðstefnur og erlend samskipti

Nordiska Avfallsföreningen (NAF)

Framkvæmdastjóri sótti fund NAF sem haldinn var á Svalbarða dagana 3. til 5. Maí 2007. Á fundinum var einnig formaður FENÚR. Tilgangur þessara samtaka (NAF) er að miðla upplýsingum um málaflokkinn, lagasetningu, viðhorf o.fl. á milli Norðurlanda, en einnig að samhæfa afstöðu Norðurlandanna þar sem það er hægt á vettvangi alþjóðasamtakanna ISWA (International Solid Waste Association). Sérstök áhersla var lögð á þessum fundi á lausnir í úrgangsmálum á eyjum.

Aðalfundur ISWA haldinn í Amsterdam

Framkvæmdastjóri sótti aðalfund og ráðstefnu ISWA sem haldinn var í Amsterdam dagana 24. til 26. september 2007 en yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var „Challenging the future“. Sérstaklega var fjallað um tengingu úrgangs og losunar gróðurhúsalofttegunda og nýhugsun í hönnun vöru þannig að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa hennar frá vöggju til vöggju í stað vöggju til grafar (cradle to cradle vs. cradle to grave). Í tengslum við þennan fund sótti framkvæmdastjóri einnig fund hjá WEEE Public Interest Network sem hélt fund á sama tíma í Amsterdam. Þetta er hópur á vegum Association of Cities and Regions for Recycling and sustainable Resource management þar sem fjallað er sérstaklega um innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um rafeinda- og raftækja-úrgang.

Nefnd á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Framkvæmdastjóri var fulltrúi sambandsins í nefnd sem hafði það hlutverk að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og raftækjaúrgang 2002/96/EB. Nefndin var upphaflega skipuð án fulltrúa frá sveitarfélögum og var að störfum frá maí 2005 áður en sveitarfélögum var boðið að tilnefna sinn fulltrúa í nefndina. Nefndin lauk störfum á árinu og skilaði tillögum til ráðherra.



8 Grænt bókhald

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Sorpu bs.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sorpu bs. fyrir árið 2007 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2007 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 31. mars 2008

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Ólafur G. Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi






Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggiltur endurskoðandi

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðasamlagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008.

Í stjórn
SORPU bs.



Ómar Steinkjónsson
Kristján Sveinbjörnsson
Herdís Þingvinnudóttir
Þórunn Guðmundsdóttir


Framkvæmdastjóri
SORPU bs.




Grænt bókhald

SORPA bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem býður íbúum og fyrirtækjum þjónustu við móttöku úrgangs og tryggir viðeigandi meðhöndlun hans.

SORPA er í eigu Reykjavíkur (60,0%), Kópavogs (14,6%), Seltjarnarness (2,3%), Hafnarfjarðar (12,7%), Garðabæjar (5,0%), Mosfellsbæjar (4,2%) og sveitarfélagsins Álftanes (1,2%).

Starfsstöðvar SORPU



Mynd 8.1 Staðsetning starfsstöðva SORPU

Starfsleyfi SORPU

Gildistími starfsleyfa SORPU fyrir urðunarstaðinn Álftanesi og móttökustöðina Gufunesi er til 31. desember 2012. Starfsleyfin voru endurskoðuð árið 2005.

Móttökustöð SORPU og urðunarstaður Álftanesi

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun.

Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Endurvinnslustöðvar SORPU

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.

Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.

Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið starfar á sviði úrgangsméðhöndlunar og fellur undir flokk 5 samkvæmt fylgiskjali reglugerðar: 5.3. „Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag“ og 5.4. „Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi“.

Stjórn SORPU bs. skipa, sjá inngang ársskýrslu.

Bókhaldstímabil

Tímabilið nær yfir allt árið 2007, frá 1. janúar til 31. desember 2007.

Yfirlýsing stjórnar SORPU

Sem starfsleyfisskyllt fyrirtæki ber SORPU að halda og birta grænt bókhald samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

SORPA vill þó ekki aðeins sinna skyldu sinni heldur leggur metnað sinn í að flokka vandlega þann úrgang sem fellur til hjá fyrirtækinu og halda nákvæmt efnisbókhald yfir hráefni og orku sem notuð eru í starfssemi fyrirtækisins. Þessu verkefni er sinnt af kappi allan ársins hring til að tryggja að hægt sé að veita eftirlitsaðilum, stofnunum og almenningi gagnlegar upplýsingar um það hvernig umhverfismálum er háttað hjá SORPU. Grænt bókhald er gefið út í ársskýslu SORPU og birt á heimasíðu fyrirtækisins, sorpa.is.

Áherslur í umhverfismálum

Vakning í umhverfismálum

Ákveðið var á árinu að gefa út umhverfisstefnu SORPU og þannig skjalfesta það sem unnið hefur verið að um langa tíð. SORPA hefur ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og öll starfsemi fyrirtækisins frá upphafi hefur tekið mið af því að vanda skuli sérstaklega til verka sem snúa að málefnum umhverfisins. Því var tímabært að sú stefna sem fyrirtækið hefur fylgt yrði færð í formlegan búning og gefin út.

Í stefnuskjalinu kemur ekki fram óskhyggja um hvernig æskilegt væri að standa að málunum eða hvernig málum verður háttað í framtíðinni. Í umhverfisstefnunni er aðeins að finna það sem SORPA gerir nú þegar og stendur við. Framtíðarmarkmið sín setur fyrirtækið hins vegar fram sem tímasett markmið sem unnið er skipulega að. Í stefnunni stendur að: „SORPA vinnur í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi“. Einnig eru taldir upp helstu punktar sem lögð er áhersla á varðandi umhverfismál.

SORPA er umhverfis- og þjónustufyrirtæki

Starfsmenn SORPU sinna afar mikilvægu hlutverki við umhverfisvernd á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir aðstoða fyrirtæki og almenning við að koma sínum úrgangi í viðeigandi farvegi. Þeir hafa umfangsmikla þekkingu á réttri meðhöndlun úrgangs og endurvinnslumöguleikum hans. Það má því segja að starfsmenn SORPU upplifi umhverfisvernd í verki þar sem þeir sjá magnið sem berst af úrgangi og taka þátt í stöðugri vinnu við að auka magn þess sem fer í endurvinnslu. Einnig verða þeir vitni að þeirri stórkostlegu endurnýtingu sem á sér stað með sölu nytjahluta í Góða hirðinum. SORPA hefur komið að umhverfisuppeldi allt frá upphafi og haft það að leiðarljósi að rétt meðhöndlun úrgangs sé á ábyrgð okkar allra. Með því að taka á móti nemendum á öllum aldri í fræðsluferð um fyrirtækið fer fram kynning á því hvernig flokka eigi úrgang til að nýta betur verðmæti sem þar leynast og þannig er stuðlað að meðvitaðri æskuhóp í samfélaginu.

Innan SORPU hefur skapast fyrirtækjamenning sem einkennist af áhuga starfsmanna á umhverfisvernd. Þessi áhugi er markvisst efldur með árlegum umhverfismánuði SORPU þar sem m.a. er minnt á umhverfisstefnu fyrirtækisins. Í tengslum við umhverfismánuðinn er gefið út starfsmannaritíð Vistivitinn sem birtir fréttir af helstu þróunarverkefnum fyrirtækisins í umhverfismálum, ýmsan fróðleik

um úrgangsmál og viðtöl eða skoðanaskipti starfsmanna. Allan ársins hring eru haldnir fundir með tengiliðum starfsdeilda þar sem veitt er aðstoð og hvatning við flokkun úrgangs en mikil áhersla er lögð á að nákvæmni og metnaður séu í fyrirrúmi við efnisbókhald og skráningu úrgangs.

Uhverfisstefna SORPU og markmið

SORPA vinnur eftir umhverfisstefnu og setur sér árleg markmið til að stuðla að stöðugum umbótum í umhverfismálum. Markmið í umhverfismálum fyrir árið 2007 voru eftirfarandi:

Markmið 1 – Innan ársins 2007 verður 90% af bílafloata SORPU keyrður án nagladekkja yfir vetrartímann.

Markmið 1 hefur verið endurskoðað og áfram verður unnið að því á árinu 2008. Á árinu 2007 voru um 60% af bílafloata SORPU keyrður án nagladekkja yfir vetrartímann. Töluverður hluti flotans var á nýjum negldum dekkjum og dró það úr mönnum að skipta þeim út. Ákveðið var að við næstu endurnýjun yrðu keypt ónegld dekk og markmiðinu þannig náð.

Markmið 2 – Innan ársins 2007 verði búið að bjóða starfsmönnum upp á fræðslu í umhverfismálum sem tengir daglegt starf þeirra við stærra samhengi umhverfismála og eykur vandvirkni og umhverfisvitund í starfi.

Markmiði 2 var náð með margvíslegum hætti. Fulltrúar starfsmanna mættu ársfjórðungslega á fundi varðandi flokkun úrgangs, haldinn var umhverfismánuður SORPU og gefið var út starfsmannablað um umhverfismál.

SORPA heldur áfram að setja sér tímasett og mælanleg markmið til að framfylgja umhverfisstefnu sinni:

Markmið 3 – Innan ársins 2008 verði gróðursett 5 þúsund tré á svæði urðunarstaðarins í Álfsnesi sem liður í að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmsloftinu.

Markmið 4 – Innan ársins 2008 hafi 80% starfsmanna sótt námskeið í vistakstri sem er liður í því að draga úr eldsneytisnotkun fyrirtæksins.

Umhverfisáhrif af starfsemi SORPU

Líkt og af allri fyrirtækjastarfsemi verður umhverfið fyrir áhrifum af starfsemi SORPU. Mikilvægt er þó að skrásetja þessi áhrif til að hægt sé að þróa vinnuferla sem draga úr þeim. Umhverfisáhrif sem hljóttast af starfsemi SORPU verða þegar úrgangur fellur til innan fyrirtækisins vegna neyslu eða notkunar frá degi til dags. Allur slíkur úrgangur er flokkaður á hverri starfsstöð fyrir sig, vigtaður og skráður. Þá á sér stað hráefnisnotkun við daglega starfsemi SORPU, ýmist í formi efna eða orku, ásamt losun gróðurhúsalofttegunda í formi útblásturs frá ökutækjum fyrirtækisins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir umhverfisáhrifum sem fyrirtækið veldur. Ýmis viðmið má nota til þess að meta þessa þætti. Valið hefur verið að notast við:

- Heildarmagn úrgangs sem fer um fyrirtækið eða 216.668 tonn, miðað við 220.767 tonn árið 2006.
- Heildar orkunotkun innan fyrirtækisins sem var kWh, miðað við unnin ársverk innan fyrirtækisins, sem voru 95,52 á árinu 2007. Þetta gefur viðmiðunartöluna 38.626 kWh/ársverk fyrir 2007 en árið 2006 voru þetta 43.567 kWh/ársverk, (sjá töflu 8.5).
- Heildar orkunotkun innan fyrirtækisins sem var 3.689.562 kWh, miðað við heildar íbúafjölda þjónustusvæðisins, sem voru 195.970 íbúar 1. desember 2007. Þetta gefur viðmiðunartöluna 18,83 kWh/íbúa fyrir 2007 en árið 2006 voru þetta 20,57 kWh/íbúa, (sjá töflu 8.5).

Úrgangur sem fellur til

Á öllum starfsstöðvum fellur til úrgangur svo sem pappír, umbúðir úr sléttum pappa og bylgjupappi. Til að tryggja nákvæmni í grænu bókhaldi skráir fulltrúi hvers starfsstöðvar þann úrgang sem vigtaður er og heldur utan um bókhaldsgögnin. Með þessu móti eru starfsmenn gerðir ábyrgir fyrir vinnslu þessa þáttar græna bókhaldsins. Ákveðnar deildir hafa nýtt heppilega aðstöðu og áhuga starfsmanna til að vera með sértækari flokka líkt og lífrænan úrgang en allar starfsstöðvar eru hvattar til að vigta sem flesta úrgangsflokka.

Tilgangurinn með því að vigta úrgang er að gera sér grein fyrir magni með það að sjónarmiði að draga úr neyslu og auka magn þess sem fer í endurvinnslu í stað urðunar. Heildarmagn ársins 2007 var 5.482 kg, en er það 23% aukning frá árinu 2006. Sú aukning skýrist af því að farið var að vigta úrgang á fleiri starfsstöðum en áður. Af þessari heildartölu fóru 56% í urðun og 44% í endurvinnslu. Þróunin er jákvæð því árið 2006 fóru 57% í urðun og 43% í endurvinnslu.

Ákveðna breytingu á milli ára má merkja í lífrænum úrgangi. Hingað til hefur lífrænn úrgangur verið vigtaður á skrifstofu og endurvinnslustöð Sævarhöfða. Á árinu 2007 var hins vegar farið að vigta lífrænan úrgang frá kaffihorninu í Góða hirðinum og skýrir það þessa aukningu.

Í kjölfar tilraunaverkefnis, sem stendur yfir hjá SORPU, með móttöku á umbúðum úr plasti til endurvinnslu gátu þær starfsstöðvar sem vildu vigtað hjá sér plastumbúðir. Það verkefni fór hægt af stað en mun væntanlega festa sig í sessi á komandi árum.

Tafla 8.1 Samantekt á magni úrgangs frá fyrirtækinu

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ ársverk	2006	Umhverfisáhrif/ ársverk
Blandaður úrgangur	kg	3.059	32,02 kg/ársverk	2.416	26,74 kg/ársverk
Lífrænn úrgangur	kg	533	5,58 kg/ársverk	427	4,73 kg/ársverk
Skrifstofupappír	kg	357	3,74 kg/ársverk	277	3,07 kg/ársverk
Blandaður pappír	kg	967	10,12 kg/ársverk	548	6,06 kg/ársverk
Umbúðir úr sléttum pappa	kg	236	2,47 kg/ársverk	220	2,43 kg/ársverk
Bylgjupappi	kg	109	1,14 kg/ársverk	196	2,17 kg/ársverk
Skilagjaldskyldar umbúðir	kg	126	1,32 kg/ársverk	114	1,26 kg/ársverk
Umbúðir úr plasti*	kg	45*	0,47 Kg/ársverk*	---	---
Spilliefni	kg	17	0,18 kg/ársverk	9	0,10 kg/ársverk
Málmar	kg	33	0,35 kg/ársverk	35	0,39 kg/ársverk
Samtals	kg	5.482	57,39 kg/ársverk	4.243	46,95 kg/ársverk

*Nýr flokkur sem ekki var vigtaður árið áður.

Hráefni fyrir starfsemina

Meðal þess hráefnis sem notað er í starfsemi SORPU eru jarðvegsefni, þ.e. bögglaberg, grús/drenmöl og sandur, en hins vegar er ekki nema lítil hluti af því aðkeypt. Urðunarstaðurinn er svo gott sem sjálfbær með undirlag og þekjandi efni svo sem grús og drenmöl. Magn af jarðvegsefnum og jarðvegisdúk sem notað er að hverju sinni fer alfarið eftir því hvort verið sé að byrja á nýrri urðunarrein eða klára að fylla upp í eldri rein.

Í þessum útreikningum er miðað við að 1 m³ af bögglabergi vegi 1,4 tonn og að 1 m³ af grús/drenmöl vegi 1,7 tonn.

Tafla 8.2 Hráefnanotkun hjá SORPU

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Jarðefni	kg	19.943.000	92 kg/tonn	15.237.000	69 kg/tonn
Bindivir	kg	240.000	1,11 kg/tonn	235.000	1,06 kg/tonn
Jarðvegsdúkur	m ²	12.000	0,06 m ² /t	15.000	0,07 m ² /t

Notkun á rafmagni og heitu eða köldu vatni er mest í móttökustöð SORPU þar sem knýja þarf orkufrekar böggunarvélar og nota vatn ýmist til snjóbræðslu eða þrifa. Notkun rafmagns helst yfirleitt í hendur við heildarmagn innveginna tonna en notkun heita vatnsins sveiflast talsvert eftir veðurfari. Töluvert dró úr notkun kalda vatnsins í móttökustöðinni en kalt vatn hefur verið notað til að binda ryk sem þyrlast upp við timburvinnslu. Í lok árs 2006 var timburvinnslan flutt út úr húsi á plan og þ.a.l. var ekki eins mikil þörf fyrir úðun á árinu 2007.


Heildarvatnsnotkun í móttökustöð fyrir árið 2007 samkvæmt álestri viðhaldssviðs móttökustöðvar var:

Heitt vatn er 26.520 (27.738 árið 2006) tonn eða 75% (71%) af heildarnotkun hjá SORPU.

Kalt vatn er 31.588 (37.872 árið 2006) tonn eða 84% (96%) af heildarnotkun hjá SORPU.

Tafla 8.3 Orku- og vatnsnotkun hjá SORPU, án ökutækjaeldsneytis

	Mæli-ein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Rafmagn	kWh	2.056.713	9,49 kWh/t	2.083.394	9,44 kWh/t
Heitt vatn	m ³	35.399	0,16 m ³ /t	38.994	0,18 m ³ /t
Kalt vatn	m ³	37.438	0,17 m ³ /t	39.421	0,18 m ³ /t



Mynd 8.2 Vatnsnotkun innan SORPU á árunum 2002 til 2007

Af 26 ökutækjum SORPU voru árið 2007 19 þeirra metanbílar, þar af 18 bifreiðar frá Volkswagen og ein frá Volvo. Á árinu 2007 eignaðist SORPA sjö nýja metanbíla af tegundinni Volkswagen Caddy og Touran og hafa þeir reynst mjög vel.

Tafla 8.4 Eldsneytisnotkun innan SORPU

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Bensín	l	11.508	0,05 l/t	12.405	0,06 l/t
Dísilolía	l	11.219	0,05 l/t	14.891	0,07 l/t
Metan	m ³	18.492	0,09 m ³ /t	24.722	0,11 m ³ /t

Til að átta sig á vægi þeirra mismunandi orkugjafa og hráefna sem SORPA notast við verður hér brugðið upp samanburði af orkuinnihaldi og áhrifum af notkun miðað við innvegin tonn af úrgangi. Samtala þessa þátta er metin sem heildar orkunotkun fyrirtækisins á árinu 2007.


Eftirfarandi forsendur eru lagðar samanburðinum til grundvallar:

Orkuinnihald bensíns:	44,3 MJ/kg bensín
Rúmpyngd bensíns:	750 kg/m ³
Orkuinnihald dísilolíu:	43,0 MJ/kg dísilolía
Rúmpyngd dísilolíu:	800 kg/m ³
Orkuinnihald metans:	50,0 MJ/kg metan
Rúmpyngd metans:	0,7 kg/m ³
1 MJ:	3,6 kWh
Efra hitastig á heitu vatni:	70 °C
Neðra hitastig á heitu vatni:	40 °C
Orkuinnihald á heitu vatni:	4,2 kJ/kg °C

Tafla 8.5 Samantekt á heildar orkunotkun innan SORPU

	Mæliein.	2007	Orku- innihald kWh	Áhrif/ innvegin tonn	2006	Orku- innihald kWh	Áhrif/ innvegin tonn
Bensín	tonn	8,6	105.828	0,49 kWh/t	9,3	114.442	0,52 kWh/t
Dísilolía	tonn	9,0	107.500	0,50 kWh/t	11,2	133.778	0,61 kWh/t
Metan	tonn	13,0	180.556	0,83 kWh/t	17,3	240.278	1,09 kWh/t
Rafmagn	kWh	2.056.713	2.056.713	9,49 kWh/t	2.083.394	2.083.394	9,44 kWh/t
Heitt vatn	tonn	35.399	1.238.965	5,72 kWh/t	38.994	1.364.790	6,18 kWh/t
Samtals			3.689.562	17,03 kWh/t		3.936.682	17,84 kWh/t

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan hafa áhrif orkunotkunar per innvegin tonn af úrgangi haldist nokkuð stöðug undanfarin ár.



Mynd 8.3 Samanburður á rafmagnsnotkun hjá SORPU og innvegnum tonnnum af úrgangi

Útblástur gróðurhúsalofttegunda

Ýmsar lofttegundir teljast auka gróðuhúsaáhrif en af þeim sem hljótask af starfsemi SORPU ber helst að nefna koltvísýring (CO_2) og metan (CH_4). Þessa losun má að mestu leyti rekja til urðunarstaðarins og bílaflotans. Ökutæki SORPU aka ýmist fyrir metani, bensíni eða gasolíu. Eins og sjá má á mynd 8.3 er vægi jarðefniseldsneytanotkuna hjá SORPU að dragast saman vegna meiri notkunar metans.


Eftirfarandi forsendur eru notaðar til að ákvarða útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá bílafloða fyrirtækisins:

Rúmpýngd olíu: 800 kg/m³
 Rúmpýngd bensíns: 750 kg/m³
 Framleiðsla: 3,17 kgCO₂/kg-eldsneyti - 2,73 kgCO₂/kg-CH₄

Tafla 8.6 Gróðurhúsalofttegundir frá eldsneytisnotkun á ökutæki SORPU

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Bensín	tonn	8,6	0,13 kg-CO ₂ /t	9,3	0,13 kg-CO ₂ /t
Gasolía	tonn	9,0	0,13 kg-CO ₂ /t	11,2	0,16 kg-CO ₂ /t
Metan	tonn	(13,0) *	(0,16 kg CO ₂ /t) *	(17,3)*	(0,21 kg CO ₂ /t)*
Samtals	tonn		0,26 kg-CO₂/t		0,29 kg-CO₂/t

* Sá koltvísýrlingur sem verður til við bruna á metani er ekki reiknaður með því hér er ekki um koltvísýrling frá jarðefnaeldsneyti að ræða og eykur því ekki á magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.



Mynd 8.4 Samantekt á umhverfisáhrifum af notkun bensíns og dísilolíu sem eldsneyti í kg af CO₂/tonn

Sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað í úrgangsmálum hefur einnig náð til orkumála en aukinn áhugi er meðal almennings um umhverfisvænt eldsneyti. Metan er eldsneyti sem unnið er úr hauggasi og með því að nota metan í stað bensíns eða gasolíu er unnt að draga verulega úr mengun. Metan er orkurík aukaafurð frá meðhöndlun úrgangs sem upplagt er að nýta í stað jarðefnaeldsneytis. Þar sem metan í hauggasi er kraftmikil gróðurhúsalofttegund, eða allt að 21 sinnum öflugara en koltvísýringur ef það fær að gufa óhindrað upp úr haugnum, er upplagt að draga úr áhrifum hauggassins um leið og framleitt er umhverfisvænt eldsneyti. Dótturfyrirtæki SORPU, Metan hf., hefur það hlutverk að sjá um sölu og markaðssetningu eldsneytisins. Haldin var vel heppnuð ráðstefna í febrúar 2007 í tilefni af 10 ára afmæli gassöfnunar í Álfsnesi, sem bar yfirskriftina *Hvernig ökum við í átt að vistvænni framtíð? – verður metan lykilorðið?* Í kjölfar ráðstefnunnar mátti finna mikinn meðbyr í samfélaginu og á meðal bílaumboða með notkun metans þar sem m.a. fleiri fyrirtæki fjárfestu í metanbifreiðum á árinu 2007.

Tafla 8.7 Magn unnið af Metan hf. og sparaður útblástur

	Magn í Nm ³ 2007	Magn í tonnum 2007	Gróðurhúsa-áhrif án notkunar tonn-CO ₂ 2007	Magn í Nm ³ 2006	Magn í tonnum 2006	Gróðurhúsa-áhrif án notkunar tonn-CO ₂ 2006
Ökutæki	236.000	165	3.465	141.163	98,8	2.075
Raforka	56.000	39	819	310.000	217	4.557
Sparað jarðefnaeldsneyti		177	473		111,5	353
Samtals sparnaður í CO₂			4.757			6.985*

(*) Leiðrétt frá ársskýrslu 2005.

Nokkur vandræði sköpuðust í metanvinnslunni í kjölfar á uppsetningu hreinsistöðvar og breyttra aðferða við borun á gasholum. Brennarinn sem notaður var til að brenna hauggasinu brann árið 2006 og varð því að draga úr dælingu metans úr haugnum. Við þessar breytingar virðist hafa byrjað að safnast vatn í hauginn sem hefur truflað reksturinn verulega undanfarið ár, þannig að ekki hefur tekist að dæla nægjanlegu hauggasi fyrir rafstöðina. Einnig var rafstöðin biluð hluta af árinu 2007. Af þessum orsökum er sparnaður á útblæstri árið 2007 minni en árið 2006.

9 Ársreikningar



Ársreikningur

SORPA b.s.

2007

Grant Thornton 



Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sorpu b.s.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sorpu b.s. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Í samræmi við lög um ársreikninga eru stjórnendur ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda.

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 25. febrúar 2008

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Guðrún Torfildur Gísladóttir
löggiltur endurskoðandi



Ólafur G. Sigurdsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Sorpu b.s. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2008

Í stjórn Sorpu b.s.:

Pau Miklason
Þorhildur Kristinsson
Harður Þingvörðmáttur
Ólafur Stefánsson
Hristján Sveinbjörnsson
Guðrun Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Björn A. Halldórsson

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur			
	13		
Þjónustutekjur		1.992.990.261	1.680.113.660
Aðrar tekjur		10.869.640	14.564.347
Söluhagnaður		2.387.464	0
		<u>2.006.247.365</u>	<u>1.694.678.007</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	14, 17	496.825.570	445.206.723
Annar rekstrarkostnaður		1.202.255.144	1.071.211.823
Afskriftir	5, 8	147.568.313	105.566.768
		<u>1.846.649.027</u>	<u>1.621.985.314</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		159.598.338	72.692.693
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	15	<u>1.673.486</u>	(<u>62.673.041</u>)
Hagnaður ársins		<u>161.271.824</u>	<u>10.019.652</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5, 8		
Gufunes móttökustöð		668.602.252	687.881.772
Álfsnes urðunarstöð		192.676.742	234.708.275
Gufunes vélar og tæki		137.147.422	165.563.480
Endurvinnslustöðvar		231.462.803	232.719.291
		<u>1.229.889.219</u>	<u>1.320.872.818</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:	9		
Eignarhlutir í öðrum félögum		13.026.216	51.687.883
		<u>13.026.216</u>	<u>51.687.883</u>
Fastafjármunir		<u>1.242.915.435</u>	<u>1.372.560.701</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	6	262.250.324	268.654.814
Aðrar kröfur		55.275.073	4.690.240
Kröfur á tengd félög		2.746.194	7.966.673
Handbært fé:	7		
Bankainnstæður		260.808.439	139.411.928
Veltufjármunir		<u>581.080.030</u>	<u>420.723.655</u>
Eignir samtals		<u>1.823.995.465</u>	<u>1.793.284.356</u>

31. desember 2007

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2007	2006
Eigið fé	10, 11		
Stofnfé		537.725.154	533.986.685
Óráðstafað eigið fé		560.928.850	399.657.026
Eigið fé samtals		<u>1.098.654.004</u>	<u>933.643.711</u>
Langtímaskuldir	12		
Skuldir við lánastofnanir		327.026.046	459.574.180
Langtímaskuldir		<u>327.026.046</u>	<u>459.574.180</u>
Skammtímaskuldir			
Bankalán		31.088.805	0
Viðskiptaskuldir		93.812.843	108.278.046
Ýmsar skammtímaskuldir		98.224.125	95.407.476
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	175.189.642	196.380.943
Skammtímaskuldir		<u>398.315.415</u>	<u>400.066.465</u>
Skuldir samtals		<u>725.341.461</u>	<u>859.640.645</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>1.823.995.465</u>	<u>1.793.284.356</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	16		

Sjóðstreymi ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Hagnaður af reglulegri starfsemi		161.271.824	10.019.652
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5, 8	147.568.313	105.566.768
Sölu(hagnaður)/tap fastafjármuna	(2.387.464)	74.207
Afföll		998.830	998.829
Áhrif hlutdeildarféлага		57.986	(6.489.099)
Verðb. og gengism. af eignum og skuldum	2	5.908.421	48.152.463
		<u>313.417.910</u>	<u>158.322.820</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(38.959.864)	(111.100.664)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	(11.648.554)	44.681.045
		<u>(50.608.418)</u>	<u>(66.419.619)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>262.809.492</u>	<u>91.903.201</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í Gufunesi og svæðisáætlun	(33.754.095)	(139.006.356)
Fjárfest í Álfsnesi	(29.950.469)	(34.074.134)
Fjárfest í Endurvinnslustöðvum.....		0	(5.025.953)
Söluverð fastafjármuna.....		9.507.314	547.470
Breyting fjárfestinga í hlutdeildarfélagum		38.603.681	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(15.593.569)</u>	<u>(177.558.973)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán		13.079.225	235.190.411
Greiddar afborganir langtímalána	(173.725.911)	(134.786.954)
Skammtíma bankalán		31.088.805	0
Stofnfjárukning		3.738.469	3.557.780
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(125.819.412)</u>	<u>103.961.237</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		121.396.511	18.305.465
Handbært fé í ársbyrjun		139.411.928	121.106.464
Handbært fé í árslok		<u>260.808.439</u>	<u>139.411.928</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Sorpu bs. er að annast meðhöndlun úrgangs og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavíkurborg.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Erlendir gjaldmiðlar

